

„Ekki vera fáviti”

Rannsókn á samfélagslegum áhrifum þungarokkshátíðarinnar Eistnaflugs

Anna Hlíf Árnadóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Ólafur Rastrick

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Þjóðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Anna Hlíf Árnadóttir 2015

Neskaupstaður, Ísland 2015

Útdráttur

Í þessari ritgerð er leitað svara við því hvernig samfélagsleg áhrif þungarokks-hátíðarinnar Eistnaflugs birtast. Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan árið 2005 í hinu 1500 manna bæjarfélagi Neskaupstað og á hverju ári hefur fjöldi gesta aukist umtalsvert. Eistnaflug 2014 var sú stærsta frá upphafi og var ljóst að ráðast þyrfti í einhverjar breytingar fyrir næstu hátíð.

Sex viðtöl voru tekin við einstaklinga úr bæjarfélaginu auk stofnanda hátíðarinnar. Einstaklingarnir eru á mismunandi aldri og aðkoma þeirra að Eistnaflugi er ólík. Ritgerðinni er skipt í inngang, fjóra meginkafla, auk niðurstöðukafla. Í öðrum kafla er aðferðafræði við gagnaöflun gerð skil og viðmælendur kynntir. Í þriðja kafla er saga Eistnaflugs rakin að einhverju leyti, það er upphaf hátíðarinnar og þróun. Þá er umgjörð og andrúmslofti hátíðarinnar lýst svo og ýmsum athöfnum sem eiga sér stað á Eistnaflugi. Í fjórða kafla eru kenningar og hugtök kynnt til sögunnar og grunnur lagður að fimmta kafla sem fjallar um samfélagsleg áhrif Eistnaflugs, til dæmis fordóma og breytt viðhorf bæjarbúa til hátíðarinnar og gesta hennar. Þá er sjónum beint að drykkjunni sem fylgir, hegðun gesta og umfjöllun fjölmiðla á hátíðinni. Einnig er rætt um önnur samfélagsleg áhrif eins og þau sem lúta að börnum og eldri kynslóðinni, ásamt efnahags- og menningarlegum áhrifum.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Aðferðarfræði	7
2.1 Rannsóknaraðferðin	7
2.2 Viðmælendur.....	8
3. Eistnaflug og Neskaupstaður	11
3.1 Upphafið.....	12
3.2 Umgjörðin og andrúmsloftið	13
3.3 Þróun Eistnaflugs.....	16
4. Karnival þungarokkaranna	19
4.1 Hátíðir.....	19
4.2 Íslenskar hátíðir	21
4.3 Karnivalhugtakið og „hið gróteska“	23
4.4 Hópur og sjálfsmynd	24
4.5 Vígsluathafnir, helgileikur, leikur og flæði	25
4.6 Jaðartími og samfélagsvitund.....	26
4.7 Menningarkimi	26
5. Samfélagsleg áhrif	29
5.1 Fordómar og breytt viðhorf	29
5.2 Drykkja, hegðun og umfjöllun fjölmiðla	33
5.3 Önnur samfélagsleg áhrif	40
6. Niðurstöður	43
Heimildaskrá	45

1. Inngangur

Þungarokkshátíðin Eistnaflug er tónlistarhátíð sem haldin er í heimabæ mínum, Neskaupstað. Hátíðin hefur verið haldin árlega aðra helgina í júlí frá árinu 2005. Ég hef lengi haft áhuga á að rannsaka þennan viðburð, en ég tel að hann hafi haft mikil áhrif á 1500 manna samfélag. Hátíðin er af mörgum talin vera uppskeruhátíð innan þungarokksins eða árshátíð rokkara (Eistnaflug, e.d.) og er það ekki fjarri lagi. Allar stærstu rokkhljómsveitir landsins koma fram á Eistnaflugi og þarna hafa einnig mörg óþekkt bönd fengið tækifæri til að koma sér á framfæri. Þá hafa nokkrar heimsfrægar hljómsveitir innan þungarokksins troðið upp á Eistnaflugi.

Eins og gefur að skilja hefur Eistnaflug lítið sem ekkert verið rannsakað á fræðilegan eða annan hátt, en hátíðin er tiltölulega ung. Það er því tímabært að líta á þá þróun sem hefur átt sér stað undanfarinn áratug sem hátíðin hefur verið haldin. Ég mun skoða samfélagsleg áhrif sem hátíð af þessu tagi hefur á meðalstórt bæjarfélag á Íslandi, til dæmis hvort og þá hvernig áhrif hún hefur á yngstu kynslóðina. Einnig mun ég kanna viðhorf fólks, einkum heimamanna, gagnvart hátíðinni, gestum hennar og hegðun þeirra. Karnival og ýmsar hátíðir hafa mikið verið rannsakaðar um allan heim og mun ég skoða Eistnaflug út frá karnivalhugtakinu. Einnig mun ég tengja þekkt hugtök á borð við flæði, samfélagsvitund, jaðartíma, menningarkima, sjálfsmynd, „hið gróteska“, ásamt fleiri hugtökum, við Eistnaflug.

Útlit Eistnaflugsgesta er oft mjög áhugavert, sumir myndu segja öðruvísi, aðrir ógnvekjandi eða fráhrindandi. Fyrstu árin var fjöldi heimamanna að minnsta kosti ekki vel við að mæta rokkara í fullum skróða á göngu, en bæjarbúar eru farnir að venjast þessum „lýð“ og vita að langflestir eru komnir til að njóta hátíðarinnar. Eistnaflug er miklu meira en einhver drykkjusamkoma, þó drykkjumenningin leiki stórt hlutverk, en gestirnir eru yfirleitt hinir ljúfustu og vilja engin vandræði. Svo virðist sem ákveðin samkennd sé ríkjandi meðal hátíðargesta og tel ég það vera vegna þess sem þeir eiga sameiginlegt; útlit, hegðun, tónlist og í raun allt sem gerir Eistnaflug að þeirri hátíð sem hún er.

Fjöldi gesta koma langt að og leggja töluvert á sig til að koma. Margir koma frá höfuðborgarsvæðinu og ferðast ýmist á einkabílum, í rútum eða með flugi og enn aðrir fara „á puttanum“. Erlendum gestum fjölgar einnig með hverju árinu. Þarna safnast saman hópur fólks með sama tónlistarsmekk, áhugamál og markmið. Þeim hópi mætti jafnframt skipta í tvo hópa; annars vegar þeir sem komnir eru til að njóta tónlistarinnar og hins vegar þeir sem flytja tónlistina. Markmiðið er, burtséð frá hvorum hópnun fólki tilheyrir, alltaf það sama: að njóta tónlistarveislunnar og upplifa ógleymanlega helgi. Allir gestir Eistnaflugs, áheyrendur eða flytjendur tónlistar, eiga það sameiginlegt að vera komnir í lítið samfélag til þess að njóta nokkurra daga tónlistarveislu. Þarna gerist eitthvað sem erfitt er að útskýra. Eftirvæntingin verður ótrúleg og andrúmsloftið verður magnþrungið líkt og fólk sé að tilbiðja eitthvað yfirnáttúrulegt. Hegðun allra hörðustu aðdáendanna verður óhefluð og allt að því villimannsleg. Fólk leyfir sér einhvern veginn að „fríka út“ og hinir sem eru rólegri skilja þessa hegðun og samþykkja án andmæla. Það er erfitt að lýsa þessu með orðum, fólk verður einfaldlega að upplifa til að skilja, en það er einnig markmið mitt með þessari rannsókn að veita fólki innsýn og skilning á því hvað Eistnaflug er, hvað það er sem raunverulega gerist á hátíðinni og áhrifin sem Eistnaflug hefur á samfélagið.

2. Aðferðarfræði

Eigindleg rannsóknaraðferð varð fyrir valinu við gagnaöflun og byggir því rannsóknin að miklu leyti á viðtölum. Viðmælendur eru ólíkar persónur úr bæjarfélaginu. Stofnandi hátíðarinnar er einnig einn af viðmælendum og kynnir hann sögu Eistnaflugs, upphafið og þróun hátíðarinnar. Nokkrir viðmælendur eru forfallnir aðdáendur og beinir þátttakendur í hátíðinni. Einn viðmælandi er verslunareigandi og er í beinum samskiptum við gesti hátíðarinnar, án þess þó að taka þátt í hátíðinni sjálfri. Annar viðmælandi hefur verið starfsmaður hátíðarinnar undanfarin þrjú ár og þar áður sjálfboðaliði í gæslu og fleira í fjögur ár. Ég tel mikilvægt að ræða við nokkuð fjölbreyttan hóp sem deilir misjafnri reynslu og upplifun á hátíðinni. Þannig næ ég fram ólíkum sjónarhornum á hátíðina. Auk viðtala notast ég við fáein gögn af veraldarvefnum, svo sem myndir, greinar og umsagnir um hátíðina.

2.1 Rannsóknaraðferðin

Eins og áður segir er notast við eigindlega rannsóknaraðferð í þessari rannsókn (e. *qualitative research*) sem er önnur af tveimur stærstu rannsóknaraðferðum innan félagsvísinda en hin er meginleg rannsóknaraðferð (e. *quantitative research*). Áður en lengra er haldið er rétt að gera örlítið grein fyrir hvað felst í þeirri fyrirnefndu. Með því taka viðtöl við einstaklinga, eins og gert er í eigindlegri rannsóknaraðferð, má ná fram huglægum sjónarmiðum þeirra. Í viðtölunum dregur rannsakandi oft gagnlegar upplýsingar á yfirborðið sem verða mikilvægar við úrvinnslu gagna. Við úrvinnslu er rýnt í þau fjölmörgu dæmi sem viðmælendurnir gefa í frásögnum sínum, þau borin saman og þannig eru ákveðin lykilatriði eða þemu fundin sem unnt er að vinna frekar með (Yow, 2005: 7).

Viðtölin fyrir þessa rannsókn urðu sex talsins. Þau voru öll tekin í óþvinguðu og þægilegu umhverfi, til að mynda á heimili viðmælanda eða á öðrum stöðum sem voru viðmælendum kunnuglegir. Ég taldi mikilvægt að viðmælendum liði vel meðan viðtölin fóru fram og að þeir fyndu fyrir trausti. Viðtölin voru því öll á léttum og vinalegum nótum og líktust ef til vill spjalli frekar en viðtölum. Ég notaðist ekki við sérstakan spurningalista

í viðtölunum, heldur hafði meðferðis minnismiða með ákveðnum atriðum sem ég vildi að kæmu fram í viðtölunum. Spurningarnar voru myndaðar á staðnum og gáfu mér kost á að hafa þær opnar. Með því er átt við að viðmælandinn fær tækifæri til að svara spurningunum eftir eigin upplifun en eins og gefur að skilja geta svörin orðið afar fjölbreytileg (Yow, 2005: 71).

Eftir að hafa prentað upp viðtölin og rýnt í þau varð ég fljótlega vör við ákveðin þemu. Þau voru fundin með því að bera saman viðhorf og reynslu viðmælenda og álitni þeirra á hvernig samfélagsleg áhrif hátíðarinnar birtast, ef einhver væru. Við greininguna notast ég við fræðileg hugtök og sjónarmið en ég tel að þannig aukist skilningur okkar á hinum ýmsu athöfnum og gjörðum sem fara fram á Eistnaflugi. Enn fremur tel ég að tenging við fræðin sé mikilvæg í ljósi mögulegra áhrifa sem Eistnaflug hefur á samfélagið.

2.2 Viðmælendur

Snemma árs 2014 ræddi ég á samskiptamiðlinum *Facebook* að BA-verkefni mitt yrði um Eistnaflug. Í sömu færslu óskaði ég eftir ábendingum um viðmælendur og voru undirtektirnar vægast sagt góðar. Margir buðu sig fram og/eða bentu á aðra einstaklinga og var augljóst að fólk hafði mikinn áhuga á að verða hluti af þessari rannsókn. Ef bent var á einstakling oftast en einu sinni kom hann strax til greina sem viðmælandi. Ábendingarnar urðu til þess að ég gat valið þá einstaklinga sem ég taldi eiga erindi í rannsóknina. Val mitt á viðmælendum er því að miklu leyti byggt á eigin sannfæringu, með aðstoð frá *Facebook*-vinum mínum.

Fyrsta viðtalið var tekið 5. mars 2014 við Fjólu Björg Sigurðardóttur að heimili foreldra hennar í Neskaupstað. Fjóla Björg er fædd í ágúst árið 1987, hún var því 26 ára þegar viðtalið átti sér stað. Fjóla er snyrtifræðingur að mennt, en starfar nú í Alcoa Fjarðaáli á Reyðarfirði. Fjóla er mikill aðdáandi Eistnaflugs. Hún hefur mætt á allar hátíðirnar frá upphafi og gat því gefið mjög gagnlegar upplýsingar um þá þróun sem hefur átt sér stað á hátíðinni. Auk þess hefur hún góða innsýn á þau áhrif sem hún telur Eistnaflug hafa á lítið samfélag.

Annað viðtalið var tekið á heimili mínu þann 11. mars 2014 við Daníel Magnús Ásgeirsson Bergmann. Daníel Magnús er fæddur árið 1993 á Bahamaeyjum, heimalandi móður sinnar, en faðir hans er íslenskur. Hann bjó með foreldrum sínum fyrstu 14 árin á

Bahamaeyjum áður en hann flutti til Reykjavíkur. Þegar hann var 15 ára flutti hann með föður sínum og bróður til Neskaupstaðar. Tónlistaráhugi hans er mjög mikill, hann spilar á rafmagnsgítar í norðfirskri þungarokkshljómsveit sem nefnist ONI og hefur nokkrum sinnum spilað á hátíðinni. Frá því að hann hafði aldur til hefur hann mætt vel á hátíðina og hafði því ýmislegt að segja um hana.

Þriðji viðmælandinn er Norðfirðingurinn Kolfinna Þorfinnsdóttir. Viðtalið var tekið að fallegu og hlýlegu heimili hennar í Neskaupstað þann 12. mars 2014. Hún er fædd árið 1949 og er kennari að mennt. Kolfinna hefur upplifað Eistnaflug frá upphafi, en á annan hátt en Fjóla Björg og Daníel Magnús. Kolfinna og eiginmaður hennar eru eigendur matvöruverslunar og er verslunin staðsett nálægt tjaldstæðinu þar sem flestir Eistnaflugsgestirnir dvelja meðan á hátíðinni stendur. Sýn Kolfinnu á hátíðina og gesti hennar er óneitanlega merkileg að mínu mati og virðist endurspegla það álit sem heimamenn hafa almennt á hátíðinni og gestum hennar.

Fjórdi viðmælandinn er Ásgeir Heimisson, fæddur árið 1988. Viðtalið við Ásgeir var tekið þann 16. júlí 2014 í Austurbrú, Neskaupstað, en það er húsnæði sem meðal annars fjarnemar geta nýtt sér við nám sitt. Faðir Ásgeirs er fæddur og uppalinn Norðfirðingur en móðir hans er frá Englandi. Ásgeir er yngstur af þremur systkinum og hefur alla tíð búið í Neskaupstað, ef frá eru talin þrjú síðustu ár sem hann hefur búið í Reykjavík og stundað nám í hagfræði við Háskóla Íslands. Ásgeir er af mörgum talinn einn dyggasti aðdáandi hátíðarinnar, en hann hefur mætt vel og vandlega á hverja einustu hátíð síðan ævintýrið hófst árið 2005. Hann hafði ýmislegt að segja um þróun hátíðarinnar og samfélagsleg áhrif hennar og verður gaman að ljóstra því upp.


Fimmta viðtalið var tekið 28. janúar 2015 við Ingibjörgu Þórðardóttur. Hún er kennari við Verkmenntaskóla Austurlands þar sem viðtalið fór einnig fram. Ingibjörg er fædd árið 1972 og uppalin í Neskaupstað. Hún hefur verið starfsmaður Eistnaflugs undanfarin þrjú ár, en sjálfboðaliði í gæslu og fleira á vegum knattspyrnudeildar Fjarðabyggðar í fjögur ár á undan því. Hún hefur því upplifað Eistnaflug frá ýmsum sjónarhornum og hafði þar af leiðandi margt að segja um hátíðina.

Sjötta og síðasta viðtalið var tekið 9. febrúar 2015 við stofnanda og eiganda hátíðarinnar, Stefán Magnússon. Stefán er giftur, tveggja barna faðir og er fjölskyldan búsett í Kópavogi. Í dag starfar hann sem rekstrarstjóri á veitingastað í miðbæ

Reykjavíkur sem ber nafnið Skúli – Craftbar, ásamt því að vera framkvæmdastjóri Eistnaflugs. Stefán er menntaður íþróttakennari og starfaði lengi sem slíkur, meðal annars í Neskaupstað í nokkur ár eftir aldamótin síðustu. Á þeim tíma kviknaði hugmyndin um Eistnaflug en Stefán hafði lengi haft mikinn áhuga á pönki og þungu rokki. Tónlistarlífið í Neskaupstað og Austurlandi öllu var þá, líkt og nú, mjög öflugt en Stefáni þótti vanta að gera þessari tónlistarstefnu skil í tónlistarmenningu bæjarins. Stefán er mjög kraftmikill og virkur einstaklingur og alltaf til í tuskið, því varð Eistnaflug að veruleika í ágúst 2005.

3. Eistnaflug og Neskaupstaður

Neskaupstaður er byggðakjarni í Norðfirði sem staðsettur er á miðjum Austfjörðum. Neskaupstaður er hluti af stærra bæjarfélagi sem heitir Fjarðabyggð og varð til í þeirri mynd sem það er árið 2006. Fjarðabyggð samanstendur af sex byggðakjörnum. Sá nyrsti og sá allra fámennasti er Mjóifjörður. Því næstur er Norðfjörður sem er fjölmennasti kjarni Fjarðabyggðar og telur 1510 íbúa miðað við nýjustu upplýsingar frá Hagstofu Íslands (2015). Sunnan við Norðfjörð er stór fjörður sem heitir Reyðarfjörður en inn af honum er einnig lítill fjörður sem heitir Eskifjörður. Fáskrúðsfjörður er sunnan við Reyðarfjörð og syðsti fjörðurinn er Stöðvarfjörður (Fjarðabyggð, e.d.).



Mynd 1. Fengin af heimasíðu Fjarðabyggðar (e.d.). Byggðakjarnar Fjarðabyggðar, taldir frá norðri til suður: Mjóifjörður, Norðfjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.

Eistnaflug er stærsta hátíðin sem haldin er árlega í Neskaupstað. Segja má að fjörðurinn sé afskekktur, í allt að 730 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og eina landleiðin í fjörðinn er yfir einn hæsta fjallveg landsins. En hvers vegna er hátíðin haldin þar? Þeirri

spurningu verður svarað í þessum kafla, en einnig mun ég lýsa hátíðinni og fara lauslega yfir tíu ára sögu Eistnaflugs; hvernig hugmyndin er tilkomin, hvernig hún var framkvæmd í upphafi og hvernig Eistnaflug hefur þróast á tíu ára ferli.

3.1 Upphafið

Hugmyndin að Eistnaflugi varð til eftir að Stefán Magnússon, þá 28 ára, flutti til Neskaupstaðar árið 2004 með konu sinni og tveimur ungum börnum, til að starfa sem íþróttakennari við grunnskólann. Stefán varð fljótlega var við öflugt tónlistarstarf í bænum en þótti einna helst vanta þungarokk í annars ríkulegt tónlistarlíf í Neskaupstað, „það var alltaf einhver tónlist í gangi fyrir austan, þú veist það er mikið tónlistarlíf en það var alltaf einhver bara meiri svona rólegheitapakki og svona“ (AHÁ 2015. 2). Stefán hafði mikið verið að spila sjálfur en segir hugmyndina reyndar í upphafi hafa verið „algjört grín“. Hann ákvað þó að heyra í vinum sínum sem voru búsettir fyrir sunnan og mjög virkir í „öskurapasenu“ eins og Stefán orðaði það. Í framhaldinu hafði hann samband við Signýju Ormarsdóttur hjá Menningarráði Austurlands sem aðstoðaði hann við styrkumsókn. Fyrsti styrkurinn kom því þaðan og var hvorki meira né minna en greiðsla fyrir einni rútu frá Reykjavík og til baka:

Liðið hoppaði upp í rútu á BSÍ og kom austur og þannig græjuðum við þetta. Þannig var fyrsta Eistnaflugið. Borguðu sig inn kannski 50 eða eitthvað, held það hafi verið jafnvel eitthvað svoleiðis. Ekkert aldurstakmark og partý heima hjá mér. Fórum á Rauða torgið jú líka eitthvað og svona. Þetta var alveg biluð helgi, ógeðslega gaman. (AHÁ 2015. 2)

Árið 2005, nánar tiltekið laugardaginn 27. ágúst, var því fyrsta Eistnaflugshátíðin haldin. Hátíðin var haldin í Egilsbúð, dagskráin hófst kl. 14:00 og stóð aðeins í einn dag (Þorsteinn Kolbeins., 2005).

Margir hafa eflaust velt fyrir sér hvernig nafn hátíðarinnar er tilkomið. Stefán er ekkert að flækja hlutina og svarar hann kíminn fyrirpurn minni um tilkomu nafnsins, „já nafnið náttúrulega er bara þú veist, verandi með Neistaflug um verslunarmannahelgina að þá, þetta gat aldrei heitið neitt annað, það var bara ekki séns (AHÁ 2015. 2). Eins og glögglega má sjá eru stafirnir í Neistaflug og Eistnaflug þeir sömu. Það að færa n-ið í

Neistaflug og staðsetja milli t og a gefur því orðið eistnaflug. Þannig fékk Stefán nafnið á hátíðina og hafa fjölmargir minnst á það frá upphafi hversu vel nafnið á við hátíðina (AHÁ 2015. 2).



Mynd 2. Fengin af heimasíðu Eistnaflugs (e.d.). Einkennismerki hátíðarinnar.

3.2 Umgjörðin og andrúmsloftið

Áður en lengra er haldið er rétt lýsa aðeins umgjörð hátíðarinnar og gera grein fyrir nokkrum atriðum sem eru mikilvæg í ljósi kenninga. Fyrst ber að nefna dagana áður en hátíðin hefst og þegar Stefán sjálfur mætir í bæinn. Þá lifnar yfir bæjarbúum, ungum sem öldnum. Fólk finnur fyrir aukinni eftirvæntingu strax í byrjun vikunnar. Fjóla Björg segist upplifa þessa spennu og „bara á þriðjudegi fyrir helgina, þá er maður strax farinn að rúnta upp á tjaldstæði, maður er bara, getur ekki beðið og svo bara er maður farinn að telja tjöldin og svo allt í einu fullt af fólki“ (AHÁ 2014. 1). Kolfinna tekur í sama streng og segist sjá það „frá versluninni af því hún er svo nálægt að fólk er að rúnta út á tjaldsvæði og gá hvað eru komnir margir og komin mörg tjöld“ (AHÁ 2014. 3). Það myndast einhver sérstök stemning þegar rokkararnir streyma í bæinn í öllum sínum skrúða og þannig er stemningin alla helgina.

Undanfarin tíu ár hafa allir tónleikar Eistnaflugs farið fram í samkomuhúsi Norðfirðinga, Egilsbúð, sem er staðsett miðsvæðis í Neskaupstað. Nóg er af opnum og auðum svæðum í kringum húsið, til dæmis er stórt gróið svæði vestan megin við húsið og er algengt að fólk hópist þar saman á daginn áður en tónleikar hefjast og fram eftir morgni. Fyrir neðan Egilsbúð er aðalumferðargata bæjarins, sunnan megin við götuna er stórt bílaplan og stór bryggja. Ef vel viðrar má sjá rokkara stinga sér fram af bryggjunni og fá sér stuttan sundsprett, á hvaða tíma sólarhrings sem er. Austan megin við Egilsbúð er stórt port sem undanfarin ár hefur verið girt af með gámum og stórum grindverkum. Þannig hefur tónleikasvæðið verið stækkað um allt að helming og álaginu verið létt af

húsinu sjálfu. Í portinu hefur verið sett upp stórt tjald þar sem fólk hefur getað keypt sér mat og drykk. Þá hafa einnig verið settir upp útikamrar í portinu. Fólk hefur nýtt sér þessa aðstöðu óspart og þá sérstaklega þegar hitinn inni í húsinu er orðinn óbærilegur.

Tónlistin sem flutt er á Eistnaflugi er að langmestu leyti þungarokk. Undanfarin ár hefur Stefán þó aðeins aukið við fjölbreytni í tónlistarstefnu og nokkrar „léttari“ sveitir hafa komið fram. Má þar til dæmis nefna Mammút, Jónas Sig og ritvélar framtíðarinnar og Retro Stefson. Þrjár íslenskar hljómsveitir hafa komið fram á Eistnaflugi frá upphafi, Sólstafir, Innvortis og Momentum (AHÁ 2014. 4). Aðrar íslenskar hljómsveitir sem hafa mjög oft stigið á svið eru Brain Police, Skálmöld, HAM, Dimma, Vintage Caravan, Agent Fresco, Saktmóðigur, Angist og fjöldi annarra sveita (Eistnaflug, e.d.). Þá hefur Stefáni tekist að lokka fjölda erlendra hljómsveita á Eistnaflug, margar þeirra heimsfrægar eins og Tryptikon frá Sviss (Rjóminn, 2011), At the Gates frá Svíþjóð og bandarísku hljómsveitirnar Havok og Red Fang svo einhverjar séu nefndar (Egill Harðar, 2013; 2014). Eitt af megineinkennum þungarokksins er söngstíllinn sem nefnist „growl“ og er yfirleitt talað um „að growla“. Mætti nefna það „að rymja“ á íslensku og líkist það oft dimmrödduðu og rámu urri (Hjalti Björn Valþórsson, 2009).

Í gömlu steypu húsnæði, sem áður var stálsmiðja, hefur viðburður verið settur upp árlega síðan 2009. Stálsmiðjan er staðsett á eyri nokkurri sem nefnist Nes og er mitt á milli Egilsbúðar og tjaldstæðisins. Nefnist viðburðurinn *Enter the Mayhemisphere* og er skilgreindur sem listahátíð samkvæmt Facebook-síðu viðburðarins (Facebook, e.d.). Í daglegu tali er Mayhemisphere yfirleitt skilgreint sem „off-venue“, á móðurmálinu mætti nefna það utansvæðis-viðburður eða einfaldlega hliðardagskrá. Þar spila nokkrar af sömu hljómsveitum og koma fram á hátíðinni sjálfri, má nefna til gamans að Sólstafir, ein stærsta íslenska hljómsveitin sem kemur fram á Eistnaflugi, spilar reglulega í stálsmiðjunni á Eistnaflugi. Einnig eru listamenn sem sinna andlitsmálun (e. *corpse paint*) og oftast en ekki verða hin máluðu andlit mjög skuggaleg. Þar eru einnig framdir ýmsir athyglisverðir listgjörningar (Facebook, e.d.).

Ingibjörg var dugleg að sækja viðburði á Mayhemisphere og sagði stemninguna þar hafa verið algjörlega frábæra, en hún segist hafa „svo gaman að þessum hliðargreinum sem einhvern veginn blómstra í kringum þetta“ (AHÁ 2015. 1). Þá fór hún á tónleika í

vélsmiðjunnni með pönkhljómsveitinni Saktmóðigur en það voru ekki hefðbundnir tónleikar eins og hún sá í Egilsbúð:

Þarna niður frá voru tónleikar sem voru semsagt sögustund í leiðinni, þannig að eftir, alltaf milli laga var sögð saga, saga lagsins og þetta varð rosalega heimilisleg og notaleg stemning og það var bara tekin svona einhver plata sem var gefin út einhvern tímann árið sautjánhundruð og súrkál, eða það var reyndar kassetta, og svo sögðu þeir alltaf frá, og gamlar sögur úr bransanum og eitthvað svona og þetta er rosalega skemmtilegt. (AHÁ 2015. 1)

Tvær athafnir eiga sér stað í sífellu á Eistnaflugi. Annars vegar „pytturinn“ svokallaði og hins vegar „crowd-surfing“ og mun ég reglulega minnst á þessar athafnir í tengslum við fræðileg hugtök. Pytturinn er ímyndað svæði staðsett fremst við sviðið og þangað sækja hörðustu „metalhausarnir“ og tuskast saman í trylltum hreyfingum. Segir Stefán þetta um pyttinn:

[...] ég myndi segja að þetta væri bara útrásin sko og bara þessi tryllingur, hann brýst svona út [...] þetta er allt, allt gert í góðu, menn brosa og dansa og taka á því og bara hafa gaman sko. Þegar menn sjá þetta kannski í fjarlægð þá lítur þetta út eins og einhver slátrun sko, en hérna þetta er alls ekki þannig. (AHÁ 2015. 2)

„Crowd-surfing“ snýst um að láta sig falla niður af sviðinu og láta sig fljóta á fjöldanum. Ekki er til skilgreining við þessu hugtaki í orðabókum en mögulega getur þessi athöfn útfærst sem „múgflot“ á móðurmálinu og mun ég notast við það hugtak héðan í frá. Þegar stærstu hljómsveitirnar koma fram og húsið troðfyllist af fólki fer það að stunda múgflot af miklum krafti. Þá er fyrirfram vitað að þessar athafnir munu eiga sér stað og dyraverðirnir gera sig viðbúna. Ekki til þess að stöðva fólk, heldur til þess að fylgjast með að allt gangi vel fyrir sig og að aðeins einn, mesta lagi tveir, fari af stað í einu. Ásgeir skilgreinir athöfnina á þennan hátt:

Það snýst um að láta sig fljóta á fólki, hoppa fram af sviðinu og láta fólkið bera sig út að enda eða einhvers staðar [...] þetta er bara svo skemmtilegt eitthvað að láta sig fara svona yfir hópinn, þá sér maður svo vel yfir alla, getur tekið í hendina á öllum og gefið öllum high-five eitthvað og allt bara svo gaman og brosandí og bara gaman að því. (AHÁ 2014. 4)

3.3 Þróun Eistnaflugs

Allt frá því Eistnaflug var fyrst haldið hefur hver hátíðin toppað aðra hvað varðar umfang og fjölda hljómsveita og gesta. Á hverju ári hefur fjöldi gesta aukist um 200-300 manns og hljómsveitum hefur einnig fjölgað jafnt og þétt. Þá hefur dagafjöldi hátíðarinnar aukist úr einum degi í upphafi í fjögurra daga hátíð undanfarin þrjú ár.

Stefán segir ákveðinn vendipunktur hafa orðið á hátíðinni árið 2008. Þá spilaði HAM í fyrsta skipti á hátíðinni auk þess sem fyrsta erlenda hljómsveitin kom fram. Fjöldi gesta fór þá að nálgast 1000 og árið 2010 urðu gestirnir um 1500. Árið 2014 voru gestirnir um 1800-2000 en aldrei allur sá fjöldi inni í húsinu þar sem húsið einfaldlega rúmar ekki svo marga (AHÁ 2015. 2). Ekki er auðvelt að segja til um hve margir hafa verið inni í tónleikahúsinu Egilsbúð þegar hámarksfjöldi var náð, lauslega skotið gæti fjöldinn hafa verið á bilinu 1200-1300 manns, en þess má til gamans geta að gert er ráð fyrir tæplega 400 gestum í sæti. Stefán segir því stöðuna hafa einfaldlega verið orðna þannig að „við vorum engan veginn að komast fyrir í Egilsbúð, [...] maður sá það bara eins og á HAM tónleikunum í fyrra að ef HAM hefði tekið partýprógramið, þá hefði Egilsbúð bara eyðilagst“ (AHÁ 2015. 2). Stefán segist því ekki hafa viljað halda þessari mynd á hátíðinni áfram:

Þetta var ekkert hægt, það var ekki séns að gera þetta aftur svona og bara staðan líka þannig að ef við ætlum að þróast eitthvað áfram, ef við ætlum að fá stærri hljómsveitir, stærri og þekktari hljómsveitir sem kosta meiri pening, þá þurfum við fleira fólk, meiri pening, þannig að það var ekkert um annað að ræða en að skipta um húsnæði. (AHÁ 2015. 2)

Uppi höfðu verið hugmyndir um að flytja hátíðina inn í sveit, nánar tiltekið inn í reiðhöll hestamanna, en Stefán sagðist heldur ekki hafa haft áhuga á því:

Þá eru allir úti sveit og keyrsla inn í bæinn og með alla þessa drykkju sem er í gangi er bara eitthvað sem ég hef engan áhuga á að gera, þannig að það var annað hvort að fara í íþróttahúsið og það bara gekk upp, menn voru til í það enda er íþróttahúsið náttúrulega fjölnotahús. (AHÁ 2015. 2)

Svo virðist sem Stefán vilji gera það sem hann getur til að halda Eistnaflugi áfram í Neskaupstað. Á meðan samvinna við heimamenn er eins góð og raun ber vitni og á meðan uppselt er á hátíðina ár eftir ár, er ekkert því til fyrirstöðu. Að langmestu leyti er það miðasalan sem greiðir niður kostnaðarliði hátíðarinnar, eða um 90% telur Stefán. Að auki eru ýmis samtök og fyrirtæki sem styrkja hátíðina, mörg hver staðsett í Neskaupstað. Alltaf hefur þeim tekist í sameiningu að koma út í örlitlum plús en árið 2011 kom hátíðin nánast út á núlli. Þá var líka byrjað á núlli í undirbúningi næstu hátíðar en með aðstoð Sparisjóðs Norðfjarðar var hægt að hefja undirbúning (AHÁ 2015. 2).

Ingibjörg Þórðardóttir er starfsmaður hátíðarinnar hér í Neskaupstað og hennar hlutverk er að sjá um gistimál hljómsveita og gesta. Hún telur hátíðina hafa mikið tilfinningalegt gildi fyrir Stefán því „þetta einhvern veginn byrjar hér sem algjörlega hans baby“ (AHÁ 2015. 1). Enda þótt mun auðveldara væri fyrir hann að halda hátíðina nær höfuborgarsvæðinu, þá hefur aldrei orðið nein alvöru umræða um að færa hana. Það er ekki mikill vilji fyrir því af Norðfirðingum að Eistnaflug fari úr bænum og telur Ingibjörg mikilvægt að bæjarbúar standi saman og geri það sem þeir geti til að halda hátíðinni innan fjallahringsins (AHÁ 2015. 1). Í því samhengi gegna bæjaryfirvöld lykilhlutverki og meðan þau eru til í að taka þátt í að stækka og þróa hátíðina með Stefáni stendur ekki til að flytja hátíðina úr bænum. Þrátt fyrir að íþróttahúsið sé töluvert stærra ætlar Stefán að halda sig við svipaðan fjölda gesta og var á síðasta ári, en alls 2000 miðar verða í boði fyrir Eistnaflug 2015, „svo bara sjáum við hvernig sumarið í sumar fer og ef það fer vel þá getum stækkað þetta meira á næsta ári, fengið stærra þekktari hljómsveitir“ (AHÁ 2015. 2). Meðan þessi takmarkaði miðafjöldi er í boði sést greinilega hverjir það eru sem virkilega hafa áhuga á að mæta:

Þú ferð ekki að borga og eyða tíma og peningum til þess að koma hingað í langtíburtistan ef þú hefur ekki áhuga á þessari tónlist. Það snýst allt um tónlistina og það er kannski, af því að stundum er talað um Eistnaflug sem útihátíð, þetta er auðvitað mjög svona á mörkum þess að vera útihátíð, þetta er miklu frekar bara tónleikar, þetta er bara miklu frekar tónlistarhátíð, að þarna, það snýst allt um tónlistina. Það snýst ekki allt um party, það snýst ekki allt um djamm, það er ógeðslega mikið djammað og það er rosalega mikið party, en það er ekki hvatinn að þessu. Þetta einhvern veginn snýst allt um tónlistina. (AHÁ 2015. 1)

Eins og segir hér að framan er hátíðin í rúmlega 700 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Þeim sem er alvara og hafa þennan brennandi áhuga á tónlistinni sem þarf að hafa til að fólk nenni að leggja á sig ferðalagið, gera það.

4. Karnival þungarokkaranna

Í þessum kafla geri ég grein fyrir þeim hugtökum og kenningum sem ég tel vera lykilatriði í að auka skilning okkar á því sem raunverulega á sér stað á Eistnaflugi. Fyrst ber að nefna hátíðir almennt og rannsókn Dorothy Noyes á hinni árlegu *La Patum* hátíð í Katalóníu. Þá ræði ég hugtakið í samhengi við íslenskar hátíðir og fer yfir nokkur hugtök tengd þeim, svo sem veraldlega merkisdaga, helgidaga kristinnar kirkju, þjóðminningadaga, staðbundnar hátíðir og þess háttar. Í framhaldinu fjalla ég um karnivalhugtakið, en mikill umsnúningur á sér stað í samfélaginu þegar karnival og aðrar stórar hátíðir fara fram. Tel ég að hægt sé að heimfæra þennan umsnúning að miklu leyti á það sem gerist á Eistnaflugi eins og sjá má í kafla 5. Í karnivalkaflanum er óhjákvæmilegt að ræða um „hið gróteska“; það sem er almennt ekki viðurkennt verður leyfilegt þegar hátíðin á sér stað, svo sem alls kyns óvenjuleg hegðun, drykkjumeningin, skreyttir líkamar og margt fleira. Þá fjalla ég um hópa og hvernig þeir myndast á hátíðum eins og Eistnaflugi, svo og sjálfsmynd fólksins sem myndar hópa. Þá er rýnt í ýmislegt sem á sér stað á Eistnaflugshátíðinni og eru hugtök á borð við vígsluathöfn, helgileikur, leikur, flæði, jaðartími og samfélagsvitund notuð til að varpa ljósi á slíkar uppákomur. Að lokum ræði ég um hugtakið menningarkíma sem ég tel vera mjög mikilvægt hugtak í ljósi hinna samfélagslegu áhrifa sem eiga sér stað á Eistnaflugi, mun ég gera ítarlega grein fyrir þeim í fimmta kafla.

4.1 Hátíðir

Lengi vel hafa hátíðir verið mikilvægt viðfangsefni í þjóðfræði, sagnfræði og mannfræði og skilningur á táknefni þeirra og orðræðunni sem skapast hefur í kringum þær hefur stóruaukist. Hátíðir hrista upp í hinu hefðbundna félagslega fyrirkomulagi, oft með því markmiði að brjóta upp hversdagsleikann, sérstaklega þeim er varðar sjálfsmyndir fólks og stétta. Þetta gerist í flestum tilfellum án þess að mótmæli komi til. Yfirvöld veita samþykki fyrir breyttu fyrirkomulagi í samfélaginu, að því gefnu að óstöðugleikinn sé aðeins tímabundinn (Noyes, 2003: 4). Dorothy Noyes er bandarískur þjóðfræðingur sem dvaldi lengi í spænska héraðinu Katalóníu og rannsakaði hátíðir þar. Ein hátíð var þó

helsta rannsóknarefni hennar, *La Patum*, sem fram fer í 15 þúsund manna samfélaginu Berga. Ekki verður hátíðinni sjálfri lýst nánar en Noyes tekst þó að miklu leyti að yfirfæra niðurstöður sínar á hátíðir almennt. Katalónía nýtir staðbundin einkenni sín til að viðhalda sérstöðu sinni. Hátíðin er vettvangur til að gera þessum einkennum skil og telur Noyes það vera mikilvægt fyrir íbúa í síbreytilegu nútímasamfélagi, einkum með tilliti til menningararfs (Noyes, 2003: 204). Þetta kemur í raun heim og saman við margar af þeim bæjarhátíðum sem haldnar eru hér á Íslandi. Þá eru einkenni ákveðins bæjarkjarna sett í aðalhlutverk og út frá þeim er myndað heilmikil dagskrá með það að markmiði að laða sem flesta heim í bæinn. Húmarhátíðin á Höfn er til að mynda haldin árlega, síðustu helgina í júní, með viðamikilli og fjölbreyttri dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Segir á heimasíðunni The Vatnajökull Region: „Húmarinn er að sjálfsögðu í aðalhlutverki, enda húmarveiðar mikilvægar á Hornafirði og Höfn oft nefnd höfuðborg húmarsins“ (The Vatnajökull Region, e.d.). Grímseyjardagar eru haldnir í kringum sjómannadag ár hvert. Þá bjóða heimamenn gestum að njóta kræsinga að þeirra hætti, til dæmis sjávarréttahlaðborðs og eggja, auk þess sem ýmis viðburðir eru skipulagðir eins og bátsferðir, bjargsig og kríueggjaleit. Á heimasíðu Grímseyjar er eyjunnar lýst sem einstaklega grænni, grösugri og gjöfylli. Þá er hún nefndur „útvörðurinn í norðri með auðug fiskimið og litríkt fuglalíf“ (Akureyri, e.d.). Írskir dagar á Akranesi eru haldnir árlega í byrjun júlí, en það voru Írar sem námu land á landsnámsárunum á Skaganum. Þá minnst Skagamenn „hinnar keltnesku arfleifðar sinnar og gera sér glaðan dag um leið“ og Akraneskaupstaður er skreyttur með alls kyns fánum og skrauti sem minnir á Írland (Akranes, e.d.).

Í bók sinni vísar Noyes gjarnan til franska félagsfræðingsins Durkheims en kenning hans um lífrænt bræðralag (e. *organic solidarity*) má yfirfæra á hugmyndir Noyes um ástæður þess að hátíðir eins og *La Patum*, tóku að þróast. Hún telur slíka viðburði hafa verið mikilvæga fyrir fólk, einkum hina lægra settu, sem hafa upplifað ójöfnuð, stéttaskiptingu og jafnvel einræði. Enda þótt Durkheim hafa sett fram kenninguna um lífrænt bræðralag neyddist hann til að viðurkenna á sínum tíma að slíkt samfélag er stéttskipt. Strit og erfiðisvinna viðgengst og er stjórnað af þeim hæst settu, en þá er einnig dæmigert að aðgreining og ójöfnuður sé almennt viðurkenndur í litlum samfélögum vegna þess að róttækar félagslegar breytingar og brotthvarf einstaklinga úr

samfélaginu er óhagkvæmt. Í hátíð eins og *La Patum* er lýðnum boðið að verða jafngildur valdhöfum (Noyes, 2003: 5-7). Þá ræðir Noyes um tæknina sem felst í að innlima utanaðkomandi í hátíðarhöldin. Hinir utanaðkomandi eru skipaðir í samfélagslegar stöður innfæddra og nýttir til ýmissa verka. Allir fá að taka þátt, óháð stétt eða stöðu (Noyes, 2003: 4).

4.2 Íslenskar hátíðir

Eistnaflug er tónlistarhátíð sem á sér stutta sögu á Íslandi í samanburði við margar aðrar íslenskar hátíðir. Elsta greinargerð um íslenska hátíðisdaga sem vitað er um er talin vera frá árinu 1593 og ber nafnið „Nokkuð ágríp um gömlu siðina“. Greinargerðin, sem aðallega fjallar um kaþólska helgisiði, er talin rituð af Oddi Einarssyni Skálholtsbiskupi eða einhverjum honum tengdum. Þegar líður á síðari hluta 19. aldar fara heimildir um hátíðisdaga á Íslandi að verða sýnilegri, en heimildir fram að því eru af skornum skammti. Sem dæmi má nefna frásagnir úr þjóðsögum Jóns Árnasonar frá 1864, ritið „Almanak, árstíðir og merkisdagar“ frá Almanaki þjóðvinafélagsins sem birtist á árunum 1878-1879 og 1883-1886, en það rit hafði að geyma upptalningu á hátíðisdögum. Árið 1934 kom út bók Jónasar Jónassonar frá Hrafnagili, *Íslenzkir þjóðhættir* en þar er kafli um hátíðir og aðra merka daga. Aðrar ritheimildir um íslenska hátíðisdaga eru nokkuð dreifðar og má meðal annars finna í bernskuminningum fólks sem og lýsingum á þjóðlífi hér áður (Árni Björnsson, 1993: 11).

Hátíð merkir, samkvæmt Íslenskri orðabók, „vegleg samkoma, oft í tilefni tímatalstengdra, trúarlegra eða þjóðminningarlegra atburða“. Í framhaldinu eru þjóðhátíðir og afmælishátíðir teknar sem dæmi, en einnig jól, áramót og páskar. Þá er minnst á hugtakið „hræranlegar hátíðir“ en það eru hátíðir sem eru breytilegar á almanaki ár frá ári (Mörður Árnason 2007: 370). Í bók sinni flokkar Árni Björnsson (1993: 19) hátíðardaga eða merkisdaga Íslendinga í tvo flokka. Stærri flokkurinn samkvæmt flokkun Árna, telur helgidaga kristinnar kirkju. Innan þess flokks eru til dæmis jól, páskar og hvítasunna svo helstu hátíðirnar séu nefndar. Hinn flokkinn nefnir Árni „veraldlega merkisdaga“. Til slíkra hátíða heyra dagar sem tengjast atvinnulífi, árstíðaskiptum og veðurfari. Þessir dagar eru ýmist hræranlegir eða óháðir föstum dagsetningum. Frídagur verslunarmanna er alltaf fyrsta mánudaginn í ágúst og telst vera veraldlegur

merkisdagur. Helgina fyrir þennan mánudag, verslunarmannahelgina, eru haldnar bæjarhátíðir víða um land, sú allra stærsta er Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Einnig má nefna daga sem eru tileinkaðir ákveðnum samfélagshópum. Að lokum telur Árni upp „þjóðminningadaga“, en það eru sögulegir merkisdagar fyrir íslenska þjóð. Slíkir dagar tóku að spretta upp eftir þjóðhátíðina árið 1874 og má þar nefna kvenréttindadaginn árið 1915, fullveldisdaginn árið 1918, verkalýðsdaginn 1923, sjómannadaginn 1938 og lýðveldisdaginn 1944. Segja má að þessir dagar hafi síðar orðið að sameign þjóðarinnar (Árni Björnsson, 1993: 20).

Eistaflug er staðbundin hátíð og mætti flokka sem „veraldlega merkisdaga“, en hún á lítið skylt við helgidaga kristinnar kirkju. Fleiri hátíðir eru haldnar árlega í og við Norðfjörð og eru tileinkaðar staðbundnum einkennum. Til að mynda Páskafjör í Fjarðabyggð sem haldið er, eins og nafnið gefur til kynna, á páskum. Þá er skíðasvæðinu í Oddskarði gert hátt undir höfði og ýmislegt gert til að lokka landsmenn austur á skíði. Sjómannadagshelgin er Norðfirðingum mikilvæg, en sjómennskan, líkt og víðast hvar á landinu, á sér mikla og langa sögu í norðfirsku bæjarlífi. Helgin er tekin mjög hátíðlega og er það skilyrði að allar áhafnir norðfirsku flotans séu í landi. Neistaflug er haldin um verslunarmannahelgi ár hvert. Það sem helst ber að nefna varðandi staðbundin einkenni á þeirri hátíð er Barðsneshlaupið. Fjöldi hlaupara víðs vegar af landinu koma til Norðfjarðar þessa helgi til að taka þátt með heimamönnum. Hlaupið er kennt við langt nes sem tengir þrjá firði saman, Viðfjörð, Hellisfjörð og Norðfjörð. Í hlaupinu er Barðnesið hlaupið ásamt þessum þremur fjörðum. Annað sem er mikilvægt í tengslum við Neistaflug eru tónlistaratriðin. Yfirleitt er að minnsta kosti eitt kvöld tileinkað norðfirskum tónlistarmönnum, ungum sem öldnum. Það kvöld er haldið undir formerkjum BRJÁN, blús,- rokk,- og djassklúbbsins á Nesi. BRJÁN klúbburinn er nokkurs konar þungamiðja í norðfirsku tónlistarlífi og eru margir frábærir tónlistarmenn, söngvarar og áhugamenn um tónlist meðlimir í klúbbum. Klúbburinn hefur til umráða húsnaði með góðu hljóðkerfi og er húsnaðið óspart notað undir alls kyns tónlistaræfingar, tónlistarnámskeið, tónleika og í raun allt sem við kemur tónlist. Nánast hver sem er getur sótt um að fá afnot af staðnum, skilyrði er að vera áhugamaður um tónlist og að gengið sé um staðinn og tækjabúnað af virðingu.

4.3 Karnivalhugtakið og „hið gróteska“

Lengi hafa átt sér stað mikilvægar umræður meðal fræðimanna sem rannsakað hafa karnival og aðrar hátíðir. Þessar umræður hafa oftast en ekki snúið að félagslegri virkni slíkra viðburða. Útgáfa bókar rússneska heimspekingsins Mikhail Bakhtin, *Rabelais and his world*, á vestrænum tungumálum varð mikil hvatning fyrir aðra fræðimenn innan þessa vettvangs; hvatning til að halda áfram að rannsaka og skilja félagslega virkni karnivala og þann umsnúning sem á sér stað í samfélaginu þegar slíkir viðburðir fara fram (Mänd, 2005: 4). Í bók sinni setur Bakhtin hugtakið karnival í samhengi við verk Francois Rabelais, en Rabelais (1494-1553) var franskur höfundur sem var uppi á endurreisnartímanum. Tilgangur Bakhtins með því er að skoða hvað einkennir karnival og hvaða þýðingu eða sess karnival hefur í lífi fólks. Skrif Rabelais voru mjög umdeild, en þau einkenndust af hálfgerðu stjórnleysi og ýmsu sem oft þótti ekki við hæfi, svo sem neðanbeltisbröndurum og vísum, háðsádeilum og ótrúlega fjörugu ímyndunarafli. Bakhtin sagði ákveðna karnivalmenningu vera til staðar meðal alþýðunnar. Ýmsir viðburðir teljast undir þessa karnivalmenningu, til dæmis fjöldinn allur af hátíðum og veislum, fólk í búningum, hirðífl og trúðar, háðsbókmenntir og fleira í þeim dúr (Bakhtin, 1965: 1-4; 8). Karnival er ekki eitthvað sem almenningur horfir á, heldur tekur þátt í, vegna þess að karnivalið fagnar öllum þegnum og líf þegnanna snýst um karnivalið (Bakhtin, 1965: 7).

Það er nokkuð ljóst að fólk hafði og hefur þörf fyrir að hverfa frá hinu hefðbundna og losa um einhverjar hömlur með alls kyns óvenjulegri hegðun, sem aðeins er samþykkt á karnivaltímanum. Gæti Eistnaflug flokkast sem karnival í þessum skilningi? Á Eistnaflugi eru hvorki farnar skruðgöngur né sett upp markaðstorg eða gamansýningar, eins og tíðkast oft á karnivali (Bakhtin, 1965: 4-5) en á Eistnaflugi er alls kyns hegðun leyfileg og viðurkennd. Lýsir það sér til að mynda í hegðun fólks á gólfinu fyrir framan sviðið, nánar tiltekið í hinum svokallaða pytt, ásamt annarri taumlausri hegðun á borð við múgflotið. Á listahátíðinni Enter the Mayhemisphere eru framdir ýmsir athyglisverðir listgjörningar sem myndu eingöngu teljast við hæfi þar. Það er því við hæfi að skilgreina „hið gróteska“ í framhaldinu.

Karnivalið felur í sér ákveðinn umsnúning og er hið gróteska birtingarmynd þess, það er að segja birtingarmynd andhverfanna. Í heildina verður hópurinn hömlulaus og

það sem er almennt ekki viðurkennt fær að njóta sín á karnivalinu; óhófleg drykkja, sukk og svall, trylltir dansar, losun úrgangs, fáklæddir eða óeðlilega skreyttir líkamar, líkamsgötun og húðflúrun, litríkar og villtar hárgreiðslur og svona mætti lengi telja. Þessi umsnúningur felst í að flytja niður á lægra plan það sem er almennt álitid háleitt, heilagt og rétt: hið ljóta tekur stað þess fagra. Þá felur umsnúningurinn einnig í sér flutning á hinu huglæga yfir í hið efnislega og líkaminn verður, með öllum sínum fjölbreytileika, hylltur og dáður (Bakhtin, 1965: 18-19).

4.4 Hópur og sjálfsmynd

Hugtakið hóp mætti skýra sem tvo eða fleiri einstaklinga sem deila að minnsta kosti einum þætti eins og tungumáli, starfsgrein eða áhugamáli. Meðlimur hópsins þarf ekki endilega að þekkja alla aðra meðlimi, en hann veit hvað hann á sameiginlegt með þeim og hvað auðkennir þá sem heild. Þannig er hugtakið hóp mjög sveigjanlegt og getur átt við um heila þjóð og allt niður í fjölskyldu (Dundes, 1980: 6). Hópar geta sprottið upp við ýmis tilefni og fer það eftir félagslegum samskiptum fólks, hvort sem um er að ræða vegna nauðsynja, skyldna eða aðstæðna; nálægðar við annað fólk, reglulegra samskipta milli fólks, eða sameiginlegra áhugamála eða hæfileika (Sims og Stephens, 2005: 35-38). Meðlimir líta á sig sem hluta af þessum ákveðna hóp, því sjálfsmynd (e. *identity*) hópsins er sú sem þeir vilja og telja sig tilheyra (Sims og Stephens, 2005: 43).

Ég tel að hópurinn, sem sækir Eistnaflug í Neskaupstað heim deili sameiginlegu áhugamáli og jafnvel áhugamálum. Tónlistin er líklega efst í hugum flestra, ef ekki allra þeirra gesta sem leggja leið sína á rokkhátíðina. Önnur sameiginleg áhugamál eru til dæmis klæðaburður, hártíska, húðflúrun, líkamsgötun og fleira. Hljómsveitar meðlimir eiga það sameiginlegt að leika á hljóðfæri og framkvæma tónlist og söng. Nálægðin og samskiptin eru mikil milli fólks og því myndast hópar mjög auðveldlega. Flestir vita og/eða þekkja af eigin raun, að undir áhrifum áfengis verður fólk oft og tíðum opnara og málgláðara. Fólk sem jafnvel hefur aldrei hist hópar sig saman á Eistnaflugi af því að það er eins auðvelt og raun ber vitni og nýjir meðlimir eru alltaf velkomnir. Fólk á margt sameiginlegt og oft myndast órjúfanleg, varanleg tengsl milli fólks eða tengsl sem endast í langan tíma. Fólk sem jafnvel er í engu sambandi utan Eistnaflugs hittist og heldur hópinn alla helgina, aðeins þessa einu helgi, ár eftir ár.

4.5 Vígsluathafnir, helgileikur, leikur og flæði

Vígsluathafnir eru athafnir sem fylgja öllum lífsins breytingum sem tengjast staðsetningu, ástandi, félagslegri stöðu og aldri (Turner, 1966: 95). Það var franskur mannfræðingurinn Arnold van Gennep sem upphaflega lagði fram kenningar um vígsluathafnir í bók sinni, *The Rites of Passage* (1909). Kenningarnar innihalda þrjú lykilatriði: aðskilnaður (e. *separation*), umbreyting/millibilsástand (e. *transition*) og innlimun (e. *incorporation*) (van Gennep, 1909: vii). Athöfn aðskilnaðar á sér til dæmis stað í jarðarförum, athöfn innlimunar fer fram í brúðkaupum og þá mætti taka meðgöngu sem dæmi um millibilsástand (van Gennep, 1909: 11). Að njóta til dæmis matar og drykkjar í hóp er athöfn innlimunar samkvæmt van Gennep og eiga slíkar athafnir sér stað í sífellu á Eistnaflugi. Þá myndast einhvers konar efnislegt samband milli fólks sem einnig hefur verið nefnt *sacrament of communion* og mætti útfærast á íslensku sem samfélagslegur heilagleiki (van Gennep, 1909: 29). Reyndar er hugtakið sjálft trúarlegt og vísar í síðustu kvöldmáltíðina en að mínu mati á kristin trú lítið sem ekkert sameiginlegt með Eistnaflugi.

Hollenski sagnfræðingurinn Johan Huizinga skoðaði hátíðir og leiki, í bók sinni *Homo Ludens* (1970), ásamt hugtakinu helgisiður (e. *ritual*). Helgisiðir eru athafnir sem eru endurteknar ár eftir ár við ýmis tilefni, til dæmis í formi leikja og hátíða. Huizinga segir athafnirnar vera heilagar hjá fólki, en ekki endilega í trúarlegum skilningi, heldur í þeim skilningi að nýr heimur skapast á afmörkuðu svæði og hefur ákveðinn tímaramma (1970: 41). Einstaklingurinn fær aukið frelsi til athafna en samt gilda ákveðnar reglur, ólíkar þeim sem þekkjast í hversdagsleikanum. Einstaklingurinn breytist og hegðar sér öðruvísi (1970: 11). Þessu má til að mynda líkja við hinar ýmsu athafnir sem fara fram á Eistnaflugi á borð við pyttinn og múgflotið. Tel ég að ákveðnar athafnir helgileiks sem fólk sækir í að upplifa ár eftir ár eigi sér stað í pyttinum og múgflotinu. Líkamlegar snertingar eru mjög áberandi en viðurkenndar. Einkenni þessara athafna eru dæmigerð einkenni leiks, afmarkað svæði, afmarkaður tími og algjört frelsi eins og plássið leyfir (1970: 41).

Tilfinningin sem fólk upplifir á gólfinu fyrir framan sviðið gæti líkst þeirri tilfinningu sem á sér stað þegar flæði (e. *flow*) fer fram. Ungverski sálfræðiprófessorinn Mihaly Csikszentmihalyi rannsakaði hugtakið flæði, en með því á hann við þegar fólk gleymir sér

í ákveðinni athöfn þar sem ekkert annað skiptir máli og einstök vellíðan á sér stað. Í þessu ferli gerir fólk ekki greinarmun á tíma og rúmi, eða veröldinni í kringum sig og allt rennur saman í eitt. Á sama tíma og þetta gerist öðlast fólk hins vegar algjöra stjórn á gjörðum sínum (Csikszentmihalyi, 1975: 5).

4.6 Jaðartími og samfélagsvitund

Victor Turner útfærir síðar kenningu Arnold van Gennep um millibilsástand og skoðar í frekara samhengi við kenningar um menningu og samfélag. Einkenni jaðartímans (e. *liminality*) eru nokkuð óljós, þar sem ákveðið jaðarástand á sér stað á þeim tímamarki sem eitthvað færist úr einu ástandi eða stöðu yfir í annað. Jafnframt nefnir Turner nokkrar birtingamyndir jaðarástands eða jaðartíma kenningum sínum til stuðnings; meðganga, dauði, ósýnileiki, tvíkynhneigð, óbyggðir, myrkur, sólmyrkvi og tunglmyrkvi svo eitthvað sé nefnt. Þá má nefna hátíð sem fyrirtaks dæmi um jaðarástand. Á meðan hátíð fer fram er fólk stað- og tímasett á samfélagslegum vettvangi sem á lítið eða ekkert sameiginlegt með því sem gerðist áður en hátíðin hófst eða eftir að henni lýkur (Turner, 1966: 95-96).

Það er almennt vitað að á hátíðum hverfur almenningur frá hefðbundnu samfélagslegu normi. Þegar það gerist upplifa þátttakendur fjörugar tilfinningar, fagnaðarlæti og vinskap frá öllum þeim sem koma að hátíðinni. Á hátíðum upplifir fólk gjarnan vellíðunartilfinningu þegar það er meðal annarra þátttakenda. Þetta er það sem Turner nefnir samfélagsvitund (e. *communitas*), eða tilfinningin um vinskap/kunningskap. Einkenni samfélagsvitundar lýsa sér þannig að öll mörk hverfa og djúpstæður og tilfinningalegur samruni við heildina á sér stað (Jankowiak og White, 1999: 335-336). Turner telur að samfélagsvitund eigi margt sameiginlegt með flæði. Flæði á hins vegar við um upplifun eins einstaklings á meðan samfélagsvitund á sér stað milli tveggja eða fleiri einstaklinga. Samfélagsvitundin birtist í sameiginlegri trú eða tilfinningu milli fólks og samskipti fara fram ýmist með orðum eða táknum eins og að kinka kolli, brosa og þess háttar (Turner, 1974: 89).

4.7 Menningarkimi

Hugtakið menningarkimi (e. *subculture*) á rætur að rekja til Chicago í Bandaríkjunum, en Chicago-háskóli var meðal þeirra fyrstu til að setja á laggirnar félagsvísindadeild í Bandaríkjunum upp úr aldamótum síðustu aldar. Kenningar um menningarkima hafa því stundum verið nefndar Chicago-skólinn sem vísar til upphafsins. Rithöfundurinn Upton Sinclair lýsti hættulegri og erfiðri reynslu innflytjenda við störf í sláturhúsi í Chicago í bók sinni frá árinu 1906, *The Jungle*, auk erfiðleika þeirra við að fóta sig í nýju landi. Við slíkar aðstæður sköpuðust fjölmörg félagsleg vandamál, þeirra á meðal glæpir og önnur ólögleg athæfi. Til að leysa þessi vandamál og beina einstaklingum á réttar brautir var talið nauðsynlegt að skilja hegðun þeirra, umhverfi og samfélagið í heild (Haenfler, 2014: 3). Samkvæmt kennismiðum um menningarkima voru glæpir og fátækt ekki beinar afleiðingar af sálfræðilegum eða siðferðilegum veikleikum einstaklinga, heldur frekar afleiðingar af félagslegu umhverfi þeirra. Með því að skilja afbrigðilega hegðun einstaklinga var og er nauðsynlegt að líta á gjörðir þeirra í stærra samhengi og innan hins félagslega. Þannig fáum við innsýn í hinn margslungna heim menningarkima og skiljum jafnvel hvers vegna fólk kys að feta þær slóðir (Haenfler, 2014: 4).

Hugmyndir um menningarkima teygðu anga sína til Bretlands á eftirstríðsárunum, nánar tiltekið til Birmingham. Í Birmingham-háskóla áttu fræðimenn samstarf á vettvangi *Centre for Contemporary Cultural Studies* þar sem dæmigerðir menningakimar innan verkalýðsstéttarinnar voru rannsakaðir, svo sem pönkarar og rokkarar, fótboltabullur og aðrir uppreisnarseggir, til dæmis *skinheads*. Þá voru rannsakaðar ýmsar hefðir sem mynduðust innan menningarkima og má þar nefna hvernig hversdagslegir hlutir fengu nýja merkingu. Frægt dæmi innan pönkmennningarinnar er öryggisnælan sem varð að tákni menningarkimans og tók stað til dæmis eyrnalokka, auk þess að vera nælt í fleiri staði líkamans (Haenfler, 2014: 7-8).

Áður en lengra er haldið er vert að taka fram að menningarkimar eru allt í kringum okkur, ekki eingöngu hjá innflytjendum og verkalýðsstéttum, og ekki alltaf eins neikvæðir og sú mynd sem dregin er upp af þeim hér að framan. Menningarkimar eru til að mynda anarkismi, bóhemismi, „goth“- og vampírumenningin, graffití-menningin, hakkaramenningin, metalhausar, rokkarar, pönkarar, nýrómantíkusar svo eitthvað sé nefnt (Subcultures, e.d.). Þá segir Haenfler að í nútímasamfélagi sé algengt að fólk

keppist við að skapa sinn eigin stíl. Sköpunargáfa fólks fær að njóta sín í mun ríkara mæli og leggur þannig grunn að þeirra lífstíl. Ríkjandi ímyndir og allt sem er „venjulegt“ þykir ekki eins spennandi og sækir fólk mun meira í að staðsetja sig utan við hið hefðbundna (2014: 10). Í augum þeirra sem ekki þekkja til eru menningarkimar oft skrítnir, kjánalegir, dularfullir eða hættulegur og jafnvel allt þetta í senn. Innan hvers menningarkima finnast, að mati þeirra sem ekki þekkja til, undarlegir hópar sem einkenna sig með leynilegum táknum eða dulmáli, sérviskulegum trúarsíðum, ævintýralegum stíl og þess háttar (2014: 2).

Menningarkimi felur í sér, samkvæmt Haenfler, tiltölulega dreifð samfélagsleg tengsl fólks sem deilir sömu eða svipaðri sjálfsmynd og svipuðum hugmyndum um ákveðin atriði, venjur og hluti. Þetta fólk vill skilgreina sig sem hluta af jaðarmenningu eða staðsetja sig utan við hið venjubundna samfélag (2014: 16). Gestir Eistnaflugs koma víðs vegar að frá Íslandi og einnig ferðast fólk frá öðrum löndum, til dæmis frá Norðurlöndunum og öðrum Evrópulöndum, til að sækja hátíðina. Þá leggur fólk einnig leið sína á Eistnaflug frá Bandaríkjunum, Kanada og jafnvel Ástralíu. En er hægt að skilgreina þungarokksáhangendur sem sækja Eistnaflug sem menningarkima? Gestirnir eiga það að minnsta kosti sameiginlegt að vilja ferðast vissar vegalengdir og mynda þannig tengsl sem dreifast yfir nokkrar heimsálfur en sameinast á hátíðinni. Þá tel ég að gestirnir hafi svipaðar væntingar og hugmyndir um hátíðina, þeim þykir hún eftirsóknarverð af því að þungarokkið er í aðalhlutverki ásamt tilheyrandi hegðun, útliti og fleira sem fellur undir sjálfsmyndir þeirra.

5. Samfélagsleg áhrif

Í þriðja kafla fjallaði ég um upphaf Eistnaflugs, framkvæmd þess og þróun. Þá nefndi ég ástæður fyrir vali á staðsetningu með tilliti til fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu og hvað það er sem hvetur fólk til þess að mæta á Eistnaflug. Í fjórða kafla gerði ég grein fyrir kenningum þeim sem ég vísa í við greiningu á viðtölunum í þessum kafla. Þá mun ég að ræða hvernig viðhorfin gagnvart Eistnaflugi og gestum hátíðarinnar hafa breyst í gegnum árin. Að lokum mun ég varpa ljósi á þau áhrif sem Eistnaflug hefur haft á samfélagið í Neskaupstað og hvernig áhrifin teygja anga sína víða.

5.1 Fordómar og breytt viðhorf

Í upphafi voru fjölmargir heimamenn lítt hrifnir af hugmynd Stefáns og má segja að hún hafi valdið þó nokkru óöryggi meðal bæjarbúa:

Fyrst var þetta náttúrulega bara, menn voru skíthræddir, eðlilega maður. Þú færð eitthvað lið þarna sem er alveg eins og skrattinn hafi skitið þeim á staðinn og bara dregið fyrir og menn voru bara heima. (AHÁ 2015. 2)

Eins og Stefán nefnir í tilvitnuninni hér að framan, stóð fólki ekki á sama og man ég til að mynda sjálf hvernig ýmsar hugsanir, stundum neikvæðar, blunduðu innra með mér. Þessar hugsanir náðu hámarki þegar ég sá fólkið, rokkarana, í öllum sínum skrúða á rölti um bæinn. Ástæðan fyrir þessum viðhorfum mínum og annarra bæjarbúa gagnvart gestum Eistnaflugs var, að ég tel, fyrst og fremst þekkingarleysi. Auk þess hefur sú mynd sem dregin hefur verið upp af þungarokki og áhangendum þess, til dæmis í fjölmiðlum, oft verið nokkuð neikvæð. Ásgeir segist hafa orðið var við þetta viðhorf í upphafi:

Ég man mjög vel eftir því hvað fólk tók illa í þetta og fannst bara alveg ömurleg hugmynd að vera fylla bæinn af einhverjum rokkurum sem ætluðu örugglega að bara eyðileggja allt og brenna kirkjuna eða eitthvað. Þetta var örugglega viðhorfið sem fólk sá og hélt bara að þetta myndi verða skelfilegt. (AHÁ 2014. 4)

Í dag telur Ásgeir viðhorfin gagnvart hátíðinni og gestum hennar vera einstaklega góð. Hátíðargestir hafa að hans mati „alveg sannað sitt gildi“ (AHÁ 2014. 4) og telur hann að

bæjarbúar líti almennt á gestina sem skemmtilegt og gott fólk sem er hingað komið til þess eins að skemmta sér:

[...] og það tók ekki held ég margar hátíðir fyrir fólk í bænum að fatta þetta sko. Strax held ég bara á þriðju eða fjórðu hátíðinni þá var þetta bara allir með gott viðhorf og allur bærinn bíður náttúrulega bara spenntur eftir hátíðinni hvert einasta ár sko. (AHÁ 2014. 4)

Fjóla Björg tekur undir orð Ásgeirs og telur hátíðina hafa haft mjög jákvæð áhrif á bæjarbúa hvað varðar fordóma og þröngsýni (AHÁ 2014. 1). Sjálf hefur hún reyndar fundið fyrir fordómum fyrir sitt útlit, en hún er með ákveðinn stíl sem myndi teljast til sjálfsmyndar rokkarans: húðflúr, líkamsgötun, litríkt hár og þess háttar. Þessir fordómar beinast einmitt að miklu leyti að húðflúrunum hennar og hárinu. Segir Fjóla að fólk telji sig geta sagt hvað sem er, hvenær sem er og án þess að vera beðið um álit. Hún segist þó ekki taka slíkar athugasemdir inn á sig en stundum fær hún nóg:

Fólk heldur að það geti sagt hvað sem er. T.d. „oj hvað þetta er ógeðslegt, hvað ertu eiginlega að hugsa? Þetta er hrikalega ljótt“. Einu sinni fékk ég nóg og sagði á móti: „oj hvað hárið á þér er ógeðslegt, hvað varstu eiginlega að hugsa að klippa þig svona?“ Þá fattaði manneskjan að þetta væri kannski ekki í lagi að segja svona. [...] Ég held bara að af því maður er frjállega looking þá heldur fólk að það megi segja bara hvað sem er og er algjörlega ekkert að þæla hvernig hinni manneskjunní líði eftir á eða eitthvað. En auðvitað er mér persónulega alveg sama hvað öðrum finnst, en auðvitað fæ ég nóg. Bara til að sýna hinum hvað þetta er asnalegt (Fjóla Björg Sigurðardóttir, 2015).

Fjóla Björg álitur fólk í litlum samfélögum oft og tíðum vera þröngsýnt og því hafi Eistnaflug „kennt Norðfirðingum mjög mikið, einhverjar lexíur. Að sjá að þú veist, síðhærði gaurinn með gaddaólina er kannski þriggja barna giftur faðir og lögfræðingur“ og bætir svo við að það „skiptir ekki máli hvernig þú lítur út“ (AHÁ 2015. 1).

Í bókinni *Body Dressing* ræða þær Joanne Entwistle og Elizabeth Wilson um það hvernig útlit, og þá sérstaklega fatnaður, hefur lengi verið meðal viðfangsefna mannfræðinga. Algengt er að skilgreina útlit og fatnað sem einhvers konar tungumál; með ákveðnu útliti, ákveðnum klæðnaði, er fólk að reyna að segja okkur eitthvað. Ef til vill er fólk að reyna að koma þeim skilaboðum áleiðis út í samfélagið að hvers kyns

klæðnaður er órjúfanlegur hluti af menningu og eitt af grundvallaratriðum sem einkennir hið mannlega (Entwistle og Wilson, 2001: 2). Þótt fólk skeri sig úr útlitslega, það er fellur ekki undir hugmyndina um „venjulegt“ útlit, er ekki þar með sagt að öðrum gefist leyfi til þess að dæma og úthúða. Ég spurði einmitt Kolfinnu hvort hún teldi Eistnaflugsgestina vera venjulegt fólk. Hún þurfti ekkert að hugsa sig um og spurði á móti „ja hverjir eru ekki venjulegt fólk?“ og bætir svo við:

Já þetta er venjulegt ungt fólk, elskulegt og já. Sumir eru í námi og sumir ekki í námi og flestir í vinnu. Margt af þessu fólki er, virðist vera, ekki hafa mikil auraráð eins og gengur með ungt fólk. Það er stíll yfir því og bara gaman að sjá það. Þau nenna þó að greiða kambana sína á morgnana og gera sig klár. Bara sérstakur stíll. Þau skera sig alveg úr herna, allflest. (AHÁ 2014. 3)

Eins og fram hefur komið er Kolfinna verslunareigandi ásamt eiginmanni sínum og er verslunin staðsett utarlega í bænum. Enn utar, og líklega ekki meira en í 500 metra fjarlægð, eru tjaldsvæðin og verða starfsmenn verslunarinnar svo sannarlega varir við fjöldann allan af Eistnaflugsgestum sem leggja leið sína í verslunina. Kolfinna segir sérstaklega ánægjulegt að heilsa þessu fólki og spjalla örlítið við það:

Og svo er bara eftirminnilegt úr búðinni hjá okkur hvað þetta fólk er rólegt og kurteist og ég man nú eftir einu atviki svona litlu, að þá var ég að vinna út í búð og það kemur ungt par, hann með kamb upp í loftið og í einhverri úlpu niðurfyrir hné og hún með lokka út um allt og semsagt búin að gera sig virkilega rokkaralega. Og ég var að vinna í mínu grænmeti eins og venjulega og þau koma til mín og fara að dást að því hvað er mikið úrval í grænmetinu. Já segi ég, en hvað er gaman að heyra það. Já [...] þetta lítur svo vel út, við erum nefnilega grænmetisætur, þetta unga par. Og mér fannst þetta mjög skemmtilegt og lenti þarna á smá spjall við þau. (AHÁ 2014. 3)

Kolfinna telur að fólk hafi verið til að byrja með almennt „hálfsmeykt við þetta“, en hún telur jafnframt að Eistnaflug og gestir hátíðarinnar hafi áunnið sér jákvætt viðhorf meðal bæjarbúa (AHÁ 2014. 3). Daníel Magnús tekur undir þetta og nefnir hér hugtakið staðalímynd í því samhengi:

[...] og svo græðir fólkið líka bara á því að kynnast þessu rokkarafólki því þá hverfur staðalímyndin. Staðalímyndin er sú að rokkarar eru reitt fólk og niðurdregið og hitt og þetta. Við erum bara venjuleg, við klæðum okkur aðeins öðruvísi og hlustum á öðruvísi tónlist. Yfirleitt erum við kennd við að vera friðsæl eftir að fólk kynnist okkur. (AHÁ 2014. 2)

Nútímasamfélag er að einhverju leyti alið á fordómum gagnvart öllu mögulegu og er Neskaupstaður engin undantekning. Við lítum á okkur sem einn hóp og aðgreinum okkur frá „hinum“ sem eru okkur framandi. Við þekkjum ekki „hina“ og erum ekki alltaf tilbúin til þess að sætta okkur við eitthvað framandi í vernduðu umhverfi okkar. Þessi hugsun fellur undir tvíhyggjuna svokölluðu (e. *dualism*). Við gefum hlutum merkingu með því að flokka þá niður og finna þeim andstæður; hvítt/svart, dagur/nótt, við/hinir Íslendingur/útlendingur, Norðfirðingur/Reykvíkingur og svo mætti lengi telja (Hall, 1997: 234).

Það þurfti samt ekki mörg Eistnaflug til þess að minnka fordóma og breyta almennum viðhorfum bæjarbúa gagnvart gestum hátíðarinnar. Í dag segir Stefán álit heimamanna á hátíðinni og fylgifiskum hennar vera mjög jákvætt. Eftir Eistnaflugshelgina lítur bærinn ágætlega út, jafnvel þau svæði sem mæðir mest á eins og tónleikahúsið, svæðið í kringum það ásamt tjaldsvæðum: „bærinn er ekki bara í brunarúst eftir helgina og þá eðlilega eru menn bara jákvæðir, ef að helgin væri öðruvísi þá fengi ég alveg að heyra það“ (AHÁ 2015. 2). Jafnvel viðkvæmu, grænu og grónu, svæðin hafa sloppið ágætlega frá umgangi Eistnaflugsgesta og að mati Daníels er mikill munur á umgengninni í bænum eftir Eistnaflug miðað við Neistaflug: „eftir Eistnaflug er varla rusl til en á Neistaflugi er haugur af rusli og búið að ganga yfir öll blómin í bænum“ (AHÁ 2014. 2).

Ingibjörg segir að það hafi komið sér verulega á óvart hvað gestir á tjaldsvæðum voru „ofsalega hjálplegir við gæslu“ (AHÁ 2015. 1). Þá var hún sjálfboðaliði í tjaldstæðagæslu á vegum Knattspyrnufélags Fjarðabyggðar (KFF) og segir hún eftirfarandi við fyrirspurn minni um hvernig henni hafi fyrst litist á að taka óbeint þátt í Eistnaflugi, sem sjálfboðaliði í gæslu:

Úff bara sem sjálfboðaliði, þetta var auðvitað bara svona skemmtilegt. Ég þekkti auðvitað ekkert þennan hóp, þetta er auðvitað bara ákveðinn hópur sem er á Eistnaflugi og það blunduðu örugglega í mér ákveðnir fordómar og maður svona einhvern veginn reiknaði með því að þarna myndi allt geta gerst einhvern veginn svona. En það þurfti ekki nema eitt Eistnaflug til þess að [...] algjörlega til að breyta því viðhorfi. [...] Þegar maður fór af stað til þess að tína upp rusl að áður en maður vissi af þá fóru Eistnaflugsgestir, drifu sig út úr tjöldunum sínum til þess að taka til ruslið og setja í poka fyrir utan tjöldin þannig að við þurftum ekki að vera að tína. (AHÁ 2015. 1)

Í kaflanum um kenningar gerði ég meðal annars grein fyrir menningarkima. Þar minntist ég á hvernig fólk sem fellur undir jaðarmenningu, eða ákveðna menningarkima, er oft álitid furðulegt, kjánalegt, hættulegt og svo framvegis af þeim sem ekki þekkja til. Þegar yngri fólkid sem tilheyrir ákveðnum menningarkimum eldist fylgja sjálfsmýndir þeirra að nokkru leyti með inn í heim fullorðinna. Þrátt fyrir að halda í ýmislegt sem tengist jaðarmenningunni sækja þessir einstaklingar í samfélagslega viðurkennda starfsemi og menningarviðburði. Fólk menntar sig og fer á vinnumarkaðinn, fær kosningarétt, stundar líkamsrækt, eignast fjölskyldu og svo framvegis. Með öðrum orðum, menningakimar hafa mun meiri áhrif á líf okkar allra í stærra samhengi. Þeir eru mikilvægir því þeir ýta undir skilning okkar á samfélaginu í heild. Ef til vill auka hinir ýmsu menningarkimar víðsýni okkar gagnvart fólkum sem er að einhverju leyti „öðruvísi“, þannig að við neyðumst til að spyrja okkur „hverjir eru öðruvísi“? Eru það þeir sem ekki uppfylla okkar eigin kröfur um kynþátt, kyngervi, útlit, fegurðarstaðal, áhugamál og þess háttar? Við getum lært ýmislegt með því að skoða hina ýmsu menningarkima (Haenfler, 2014: 24-25) og þannig hefur Eistnaflug til dæmis sýnt fram á að fólkid sem sækir hátíðina er „venjulegt“ inn við beinið þó stíll þess og útlit sé „óvenjulegt“.

5.2 Drykkja, hegðun og umfjöllun fjölmiðla

Bókin *Drinking Cultures*, ritstýrð af Thomas M. Wilson, hefur að geyma safn af rannsóknum um drykkjumenningu og hvaða hlutverk drykkjan hefur í sambandi við ímyndir og menningu (2005: 4). Á meðan flestar greinar innan félagsvísinda líta á áfengisneyslu sem ógn við samfélagid skoða mann- og þjóðfræðingar drykkju í stærra samfélagslegra samhengi. Áfengisneysla getur haft margt neikvætt í för með sér en að

sama skapi ýmislegt jákvætt. Hún getur haft hvetjandi áhrif á fólk og auðveldað því að verða þátttakandi í ýmsum samfélagslegum athöfnum (Wilson, 2005: 9), til dæmis hátíðum á borð við Eistnaflug. Mary Douglas ræðir í bók sinni *Constructive Drinking: Perspective on Drink from Anthropology* að ekki sé sjálfsagt að leggja að jöfnu endurtekna drykkju og áfengissýki. Frekar gæti drykkja verið vísbending um styrk og staðfestu í hinum menningarlega ramma samfélagsins. Þá segir hún að öll samfélög haldi hátíðir og fögnuði og flestir slíkir viðburðir innihaldi áfengi og drykkju. Með drykkjunni tjáum við menningu okkar með ýmiss konar hegðun og gjörðum (Douglas, 1987: 4) og var það einmitt við slíkar aðstæður sem ákveðið atvik átti sér stað á Eistnaflugi 2012. Fjóla Björg segir þetta atvik vera það eftirminnilegasta sem hún hefur upplifað á Eistnaflugi:

Við vorum fjórar stelpur sem að æfðum pole fitness en ein okkar var sem sagt þjálfari og við fórum eitthvað fíflast þarna, og hérna það var svona stopp skilti og ég ætlaði að fara á hvolf, en þá bara missti ég takið og datt og svo settist ég aðeins niður og fór að segja við vinkonu mína, ái mér er svo illt í ökklanum ég er örugglega brotin og hún bara eitthvað, æji hættu þessu, hættu þessu væli, við erum að fara á tónleika og ég bara já ok. Svo fór ég bara á hérna Red Fang og eitthvað, Skálmöld. Æji þetta gerðist sem sagt bara klukkan tíu um kvöldið og ég var á DJ Töfra og allt sko líka, til alveg fjögur. (AHÁ 2014. 1)

Fjóla lét sára verki ekki hindra sig í að taka þátt í fjörinu þar til það var yfirstaðið klukkan rúmlega fjögur aðfaranótt sunnudags. Þá bað hún hins vegar vin sinn um að keyra sig á sjúkrahús því sársaukinn var orðinn óbærilegur. Ekki var mikið gert fyrir hana, hjúkrunarfræðingurinn sem tók á móti henni sagði að þetta væri örugglega tognun. Fjóla fór því heim að sofa. Eftir nokkrar ferðir á sjúkrahúsið kom í ljós að hún var brotin á ökkla. Vinkonur hennar eru frá Reykjavík og ári síðar komu þær aftur á Eistnaflug. Fjóla heldur frásögninni áfram hlæjandi:

Júlíana var búin að segja við mig að hún væri með geðveikt sörpræs fyrir mig og hún fer og hún er búin að vera alveg hálf tíma eða eitthvað og svo hringir hún og bara heyrðu koddu hérna fyrir utan Egilsbúð og ég bara eitthvað af hverju? Æ bara, ég er með sörpræs handa þér og ég bara ohh helvítis. Svo hérna keyrum við þangað, ég, Ásgeir og Þorsteinn og hún var með vídjókameru eða þú veist, stóð þarna við hliðina á og ég bara hvað ertu að gera? Og hún eitthvað að taka mig upp og svo leit ég bara

svona á stöðvunarskiltið og þá var hún búin að setja svona umferðarskilti sem að bannaði súludans. Þetta var svo fyndið, shit hvað ég hló mikið. (AHÁ 2014. 1)

Óhætt er að segja að umrætt skilti hafi vakið mikla athygli, bæði meðal bæjarbúa og gesta hátíðarinnar. Fimmtudaginn 11. júlí 2013, daginn eftir að vinkonur Fjólu settu skiltið upp, birtist frétt á vefritinu Pressunni undir heitinu „Mynd dagsins: Súludans bannaður á Neskaupstað“ (2013).



Mynd 3. Fengin af vefritinu Pressunni (2013): Þessi athöfn er ekki leyfð hér vegna slyshættu.

Eistnaflug hefur að mati allra viðmælenda minna fengið frekar litla en góða og jákvæða umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum. Hins vegar hefur hátíðin fengið frábæra umfjöllun í risastórum rokk tímaritum á borð við *Metal Hammer* og *Terrorizer* eftir að þau sendu blaðamenn sína á hátíðina. Í grein sem birtist upphaflega í tímaritinu *Metal Hammer* árið 2013 og ber nafnið „Why Eistnaflug Might Be Europe’s Most Unique Festival“ líkir höfundurinn Jonathan Selzer Eistnaflugi við einhvern ímyndaðan veruleika. Veruleika sem er ýktur verulega því bjartar sumarnæturnar vinna með einstöku umhverfinu í að rugla skynjun fólks á tíma og rúmi þar til það ferðast aftur til raunveruleikans. Þá minnst Selzer á ótrúlegan fjölda af innlendum þungarokks-hljómsveitum. Langstærsti hluti þeirra reynir augljóslega að feta sínar eigin leiðir í staðinn fyrir að elta hina ýmsu strauma (Glopal Metal Apocalypse [GMA], 2013).

José Carlos Santos nefnir fjölmarga jákvæða þætti í grein sinni sem birtist í *Terrorizer* þann 24. júlí 2012. Í fyrstu minnst hann reyndar á nafnið á hátíðinni sem er skiljanlega ekki auðvelt í framburði fyrir þá sem ekki tala íslensku. Nafnið á bænum er jafnvel erfiðara að bera fram. En burtséð frá tungumálaörðugleikum, þá er Neskaupstaður endastöðin í ferðalaginu á hátíðina. Santos segir að ef einstaklingur ákveður að leggja upp í þetta ævintýri eru verðlaunin þátttaka í einu svalasta en rólegasta andrúmslofti sem nokkur hátíð getur státað af. Tuttugu og fjögurra klukkustunda dagsbirta, brosandí, friðsælir og drukkendir íslenskir þungarokkarar, allt það besta sem íslenskt þungarokk býður upp á, ásamt nokkrum af risastórum alþjóðlegum hljómsveitum til að krydda hátíðina, gerir þessa þrjá daga að einni stórrí veislu sem fólk vill aldrei yfirgefa (2012).

Báðar þessar umfjallanir lýsa hátíðinni sérlega vel að mínu mati, einkum með tilliti til andrúmsloftsins og stemningarinnar. En það sem vekur einna helst athygli mína er samanburður Selzer á Eistnaflugi við ímyndaðan veruleika. Þessi veruleiki er staðsettur utan við raunveruleikann þar sem fólk tapar áttum og tímaskyni (GMA, 2013). Lýsingar hans minna óneitanlega á kenningu Victor Turner um jaðartímamann svonefnda. Turner segir hátíðir vera tímasettar milli hins hversdagslega veruleika sem er ákvarðaður af lögum hins opinbera og almennt viðurkenndum samfélagslegum reglum og venjum (Turner, 1966: 95-96). Jaðartíminn, það er tíminn milli hins hversdagslega veruleika, er hátíðin frá upphafi til enda sem rennur saman í eitt.

Uppi hafa verið hugmyndir meðal aðdáenda Eistnaflugs að íslensk fjölmiðlaumfjöllun sé eins lítil og raun ber vitni vegna þess að ekki þykir fréttæmt að allt fari vel fram. Ásgeiri finnst til dæmis umfjöllunin vera furðuleg, eins og það sé eitthvað undarlegt að allt fari vel fram, „það er náttúrulega sjálfsagður hlutur að allt fer vel fram“ (AHÁ 2014. 4) og þannig er það á Eistnaflugi, að minnsta kosti enn sem komið er. En fólk er kannski ekki vant því. Eftir hverja íslenska útihátíð er venjan að fjölmiðlar telji allt upp sem miður fór á hátíðinni. Stefán segist í heildina vera mjög ánægður með umfjöllun fjölmiðla um Eistnaflug. Hann og aðrir aðstandendur hátíðarinnar hafa látið mjög sterk orð falla um hvernig hlutirnir eiga að fara fram á Eistnaflugi. Hann telur Eistnaflug vera orðið nokkurs konar kyndilbera í því „að móta þessa hegðun og

stemningu sem á að vera á hátíðum á Íslandi“. Því ætla aðstandendur hátíðarinnar að halda áfram að „rífa kjaft og láta fólk standa sig“ (AHÁ 2015. 2).

Þótt orðspor hátíðarinnar sé gott er það þó ekki þannig að gestir hennar séu allir bindindismenn. Líklega eru það fæstir. Eins og áður er nefnt fjallar van Genneþ um athöfnina að borða og drekka í hóp sem er athöfn innlimunar. Alls staðar á hátíðinni má sjá fólk í hópum með drykki, yfirleitt áfenga. Neysla áfengis er þó þyrnir í augum margra, ekki síst á samkomum þar sem börn eru meðal fólks. Sem Norðfirðingur er Ingibjörg yfirleitt mjög jákvæð gagnvart öllu sem tengist Eistnaflugi. Hin sýnilega neysla fer þó fyrir brjóstið á henni og sem móðir spyr hún hvort þetta „sé eitthvað sem við viljum hafa fyrir augunum á 12 ára áhrifagjöörnum unglíngum“ (AHÁ 2015. 1). Sýnileg neysla er viðkvæmt mál en er almennt viðurkennt ástand af því það er tímabundið. Stefán segir þetta um drykkju og neyslu á Eistnaflugi:

Já alveg hellings drykkja [...] sko ég myndi segja að það væri pottþétt mikil svona grasneysla. Það er bara á öllum þessum tónlistarhátíðum á Íslandi og Evrópu og bara alls staðar. Jájá og ég meina á meðan þetta er ekki einhver vitleysa þá bara er þetta svona [...] ég segi bara það mega allir hafa sína skoðun á því. [...] Meðan menn hegða sér og eru ekki eins og fávitar, þá bara frábært. Drekktu, reyktu, gerðu það sem þú vilt, en bara meðan þú ert ekki í einhverju kjaftæði sko. (AHÁ 2015. 2)

Noyes segir að hátíðir hristi upp í hinu hefðbundna félagslega fyrirkomulagi. Það myndast tímabundinn óstöðugleiki sem þó er viðurkenndur meðal almennings og yfirvalda (Noyes, 2003: 4). Þannig má kannski segja að litið sé framhjá hinni sýnilegu áfengisneyslu þó öllu harðara sé tekið á fíkniefnanotkun. Á miðöldum þótti mönnum mikilvægt að búa til sinn eigin heim og aðskilja hann frá hinu alvarlega og formlega (Bakhtin, 1965: 2). Á hátíðum eins og Eistnaflugi gefst tækifæri til þess. Þá getur fólk losað um einhverjar hömlur með hegðun sem utan hátíðarinnar þætti óviðeigandi. Mjög ýkt dæmi um hömlulausa hegðun er sú sem fram fer í pyttinum. Ásgeir segist ekki alveg viss um hver tilgangurinn með pyttinum er og af hverju hann þróaðist yfir í það sem hann er í dag. En hegðunin sem brýst þarna fram fylgir jú þessari tónlist. Sjálfur hefur hann oft fengið útrás í pyttinum og segir „þetta er bara partur af leiknum sko, þetta bara snýst um þetta að fara og tuska hvorn annan til á góðan hátt“ (AHÁ 2014. 4). Ásgeir minnst

þarna á leik í sambandi við hegðunina í pyttinum. Í kafla 4.5 ræði ég hugmyndir Huizinga um leiki og helgileiki (e. *ritual*). Pytturinn er vettvangur fyrir ákveðna hegðun sem fer eingöngu fram á þessum stað og á þessum tíma. Því má líta á hegðunina í pyttinum sem leik. Í leiknum fær einstaklingur aukið frelsi til athafna, samanber útrásina, en samt eru ákveðnar reglur í gildi, það er að ekki má ganga of langt og allt skal fara vel fram (Huizinga, 1970: 11).

Annað dæmi sem mætti nefna í þessu samhengi er múgflotið. Í þessum athöfnum eru líkamlegar snertingar mjög áberandi en á sama tíma viðurkenndar. Þá sækir fólk í athafnirnar af því það veitir þeim útrás og vellíðan. Einkenni þessara athafna eru dæmigerð einkenni leiks; afmarkað svæði en algjört frelsi eins og tími og rúm leyfir (Huizinga, 1970: 41).



Mynd 4. Fengin ef *Facebook*-síðu Eistnaflugs (2014). Þessi mynd lýsir ýmsu sem á sér stað á hátíðinni, meðal annars múgflot.

Á Eistnaflugi gerist eitthvað sem erfitt er að útskýra. Innan veggja tónleikahússins breytist margt í fari fólks. Á gólfinu fyrir framan sviðið verður hegðunin hjá hörðustu aðdáendum óhefluð og taumlaus. Aðrir aðdáendur eru nokkuð rólegir en á sama tíma

hástemmdir vegna hins magnþrungna andrúmslofts sem umlykur það. Einn af hápunktum hátíðarinnar að mati Daníels og örugglega margra annarra er þegar rokkhljómsveitin Brain Police stígur á svið. Gestir hátíðarinnar reyna að komast eins nálægt sviðinu og mögulegt er. Þá hefur trommuleikarinn kveikt eld í kjuðum sínum áður en hann byrjar háværan trommusláttinn í myrkvuðum salnum (AHÁ 2014. 2). Á meðan þetta gerist bíða aðdáendurnir eftirvæntingafullir, en á þeim tímapunkti á sér stað flæði í skilningi Csikszentmihalyi. Ekkert annað skiptir máli, tími og rúm hverfur, allt rennur saman í eitt og einstök vellíðan á sér stað. Á sama tíma öðlast fólk hins vegar algjöra stjórn á gjörðum sínum en er þó ekki meðvitað um það (1975: 5). Þetta augnablik varir ekki lengi og áður en við vitum af tryllist allt eftir trommusláttinn.

Után veggja tónleikahússins er hegðun fólks yfirleitt nokkuð eðlileg í samanburði við það sem gerist innanhúss. Fólk fer út og tekur sér hlé frá hitanum og troðningnum þegar það getur ekki meira og býr sig undir næstu törn. Þessi athöfn, það er að taka sér hlé frá tónleikunum og búa sig undir þá næstu, gæti túlkast sem millibilsástand. Hver sá sem flyst frá einu ástandi yfir í annað lendir í millitíðinni á milli tveggja heima ef svo má að orði komast (van Gennep, 1909: 18). Þessu má einnig líkja við athöfnina að fara yfir þröskuld. Að ganga inn í tónleikahúsið er athöfn innlimunar, að ganga út úr tónleikahúsinu er aðskilnaðarathöfn. Biðin á milli tónleika er millibilsástandið (van Gennep, 1909: 25).

Í kafla 4.3 skilgreini ég „hið gróteska“. Í stuttu máli er hið gróteska birtingarmynd þess þegar ákveðinn umsnúningur á sér stað á hátíðum. Það sem er almennt ekki viðurkennt fær að njóta sín á hátíðinni. Óhófleg drykkja, sukk og svall, trylltir dansar (pytturinn), fáklæddir og skreyttir líkamar er eitthvað sem nýtur sín á Eistnaflugi ásamt mörgum öðrum furðulegum hefðum (Bakhtin, 1965: 18-19). Á listahátíðinni Mayhemisphere fara fram alls kyns listgjörningar og allt milli himins og jarðar. Fólk getur látið sér detta eitthvað undarlegt í hug og framkvæmt þar. Allt er leyfilegt. Mayhemisphere býður í rauninni upp á alla grótesku flórana eins og meðfylgjandi myndir gefa til kynna:



Mynd 5 (t.v.). Fengin að láni frá bloggsíðunni *reykjavíksexfarm* (2011).

Mynd 6 (t.h.). Fengin að láni hjá Stebbu Ósk (2012).

Allt þetta fallega fólk er að öllum líkindum nýkomið úr Mayhemisphere þar sem meðal annars andlitsmálun fer fram.

Nú hef ég gert grein fyrir athöfnum sem myndu teljast nokkuð trylltar og einhverjir gætu haldið að þannig væri hátíðin í heild; tryllt og hömlulaus. Svo er alls ekki og álíta bæjarbúar almennt að hátíðin sé mjög friðsæl. Tveir af yngri viðmælendum mínum, Fjóla og Daníel, vilja meina að þetta sé friðsælasta hátíð á Íslandi (AHÁ 2014. 1; 2). Kolfinna og Ingibjörg telja hátíðina einnig einstaklega friðsæla. Kolfinna hefur til að mynda „afskaplega lítið eða nánast ekkert orðið vör við eitthvert róstur eða slagsmál eða hávaða og ekki innbrot og ekkert þannig sem fylgir þessu“ (AHÁ 2014. 3). Ingibjörg minnst á að ef „einhver verður einhvern tímann eitthvað pínulítið reiður“ eða ef einhver ágreiningur kemur upp, er sá hinn sami einfaldlega róaður og ágreiningurinn leystur án ofbeldis (AHÁ 2015. 1).

5.3 Önnur samfélagsleg áhrif

Stefán er ekki í nokkrum vafa um að áhrifin skili sér til barna og unglunga í Neskaupstað, til dæmis með auknum tónlistaráhuga og eru þau mikið að prófa sig áfram á hljóðfæri og stofna hljómsveitir. En áhrifin skila sér einnig í efnahagslegu samhengi og er helgin sennilega ein stærsta helgi ársins nánast í allri verslun (AHÁ 2015. 2).

Ásgeir segist sjá mikinn mun á tíu ára ferli hátíðarinnar. Þegar hann var unglingur að mæta á fyrsta Eistnaflugið var hann eini strákurinn í bænum með sítt hár. Í dag má

sjá fjöldann allan af drengjum sem safna hári og þykir ekkert óeðlilegt við það. Einnig telur hann tónlistarhugann vera að færast töluvert yfir í þessa tónlist sem er spiluð á Eistnaflugi. Mikilvægustu áhrifin að mati Ásgeirs eru samt þau sem snúa að eldri kynslóðinni, en hann telur Eistnaflug hafa hjálpað mjög mörgum að „brjótast svona út úr skelinni“. Með þessu á hann við eldra fólk eða menn sem „þorðu ekki að vera rokkarar svona opinberlega og voru bara svona heimarokkarar“ (AHÁ 2014. 4). Eistnaflug hvetur þannig fólk til að hætta að velta sér upp úr almenningssálitinu og í staðinn drífa sig á vettvang.

Í augum Kolfinnu er Eistnaflug fyrst og fremst kynning. Hún sem verslunareigandi segir að þetta hafi auðvitað jákvæð áhrif á verslunina en í hennar augum er það ekki aðalatriðið. Eistnaflug vekur athygli á bænum og opnar hann fyrir fólki sem ef til vill á ekkert annað að sækja hingað. Þá bætir hún við að „Neskaupstaður er tónlistarbær og þetta er viðbót í þá flóru hjá okkur“ (AHÁ 2014. 3). Ingibjörg telur Eistnaflug hafa margslags áhrif á bæjarfélagið. Hún telur Eistnaflug vera hvatningu fyrir krakkana til að iðka tónlist og gera eitthvað annað skapandi. Þá hefur Eistnaflug mikil efnahagsleg og menningarleg áhrif á samfélagið og telur hún jafnvel hægt að tengja saman aukinn áhuga á þungarokki á landsvísu við þróun Eistnaflugs, „Eistnaflug er allavega svona vettvangur þar sem að þessar hljómsveitir hafa fengið að blómstra og svona“ (AHA 2015. 1).

Heimamenn hafa að mati Fjólu Bjargar mjög gaman að því í dag að fá allt þetta fólk í bæinn og sjá fjölbreytileikann sem fylgir. En Fjóla telur þó samfélagsleg áhrif Eistnaflugs helst fólgin í samkennd meðal fólks. Allir eru vinir og eru tilbúnir til að aðstoða ef þörf krefur (AHÁ 2014. 1). Daníel er sammála Fjólu og segir „Norðfirðingar elska þessa hátíð, elska fólkið og gera allt fyrir fólkið“. Einnig minnst hann á hvað er frábært fyrir stærstu hljómsveitirnar að fá frið til þess að röltu um bæinn. Daníel líkir hátíðinni við fjölskylduhátíð. Það er alltaf sami kjarninn sem kemur og vinir og kunningjar hittast. En fjölskyldan fer líka stækkandi því nýjir fjölskyldumeðlimir bætast við á hverju ári (AHÁ 2014. 2). Bakhtin segir að hátíðir fagni öllum og að líf bæjarbúa snúist um hátíðina. Þannig er hátíðin ekki eitthvað sem almenningur horfir á, heldur tekur þátt í, beint og óbeint (Bakhtin, 1965: 7). Eistnaflug hefur ekki aðeins áhrif á þátttakendur hátíðarinnar því bæjarbúar á öllum aldri hrífast með og finna á einhvern hátt fyrir áhrifunum sem hátíðin ber með sér.

Nú hef ég gert grein fyrir þeim atriðum sem ég tel að skipti mestu máli þegar litið er á samfélagsleg áhrif Eistnaflugs. Í kafla 5.1 fjallaði ég um hvernig viðhorf bæjarbúa voru upphaflega gagnvart Eistnaflugi og hvernig þau hafa breyst í gegnum árin. Í kafla 5.2 ræddi ég um fjölmiðlaumfjöllun, hegðun gesta og drykkju. Í kafla 5.3 varpaði ég ljósi á önnur samfélagsleg áhrif eins og þau sem lúta að börnum, unglíngum og eldri kynslóðum. Einnig minntist ég á efnahagsleg og menningarleg áhrif. Þá nefni ég orðið samkennd, en ég tel það lykilorð í niðurstöðum rannsóknar minnar.

6. Niðurstöður

Eistnaflug hóf göngu sína árið 2005 við dræmar undirtektir heimamanna og grunaði fáa að hátíðin yrði síðar eins stór og hún er orðin. Samkomuhús Norðfirðinga, Egilsbúð, er orðið of lítið en hefur þar til á Eistnaflugi 2014 getað rúmað flesta sem hafa viljað komast að. Hátíðin verður því haldin í fyrsta sinn í íþróttahúsi Neskaupstaðar sumarið 2015. Áætlaður fjöldi gesta er um 2000 og þeim fylgir aukin þjónustubörf. Undanfarin ár hefur þessi helgi verið sú annasamasta hjá flestum verslunar- og þjónustufyrirtækjum í bænum. Þegar líður að Eistnaflugshelginni fer tilhlökkun og eftirvænting að gera vart við sig hjá bæjarbúum og má segja að það sé mikil breyting frá þeim tilfinningum sem bærðust meðal fólks í upphafi. Eistnaflug er orðið að einstökum viðburði í augum margra, ekki síst heimamanna. Mikill fjöldi leggur leið sína í bæinn til þess að skoða gestina og verða vitni að mannlífinu og andrúmsloftinu sem skapast á hátíðinni og verða bæjarbúar þannig óbeint þátttakendur í hátíðinni. Fólk ekur mikið að tjaldstæðinu sem er í töluverðri fjarlægð frá miðbænum og sú hefð hefur skapast meðal margra Norðfirðinga að bjóða fólki far sé þess óskað. Þá er vissulega mikill fjöldi heimamanna sem stundar sjálfboðavinnu á hátíðinni, til dæmis á vegum íþróttafélaga og björgunarsveitar.

Hátíðir einkennast af uppbroti á hefðbundnu félagslegu fyrirkomulagi í ákveðinn tíma. Sá tími sem hátíðin spannar er gerólíkur því umhverfi sem fólk hefur vanist. Hátíðir eru vettvangur til þess að gera staðbundnum einkennum bæjarfélagsins skil. Ef við horfum til þeirra bæjarhátíða sem haldnar eru um allt land sjáum við hvernig hin ýmsu einkenni eru sett í aðalhlutverk og fjölbreytt dagskrá mynduð í kringum þau. Mörg íslensk bæjarfélög hafa sameiginlega sérstöðu, til dæmis þá sem snýr að fiskiðnaði, landslagi og þess háttar. Ef bæjarfélag hefur ekki aðra sérstöðu leggur það sig fram við að skapa sína eigin sérstöðu, samanber Hamingjudaga á Hólmanvík, Ástardaga á Eskifirði, Markaðshelgi í Bolungarvík og svo framvegis. Neskaupstaður hefur svipuð einkenni og flest önnur bæjarfélög á Íslandi. Eistnaflug gæti því orðið til þess að Neskaupstaður verður síðar þekktur sem „rokkbærinn“ eða „heimabær þungarokksins“ og er það undir Norðfirðingum komið að kynna bæinn sem slíkan.

Í upphafi varpa ég fram spurningu um hvernig samfélagsleg áhrif þungarokks-hátíðarinnar Eistnaflugs birtast. Hefur þeirri spurningu verið svarað í ritgerðinni og er raunin sú að hin samfélagslegu áhrif teygja anga sína víða.

Það sem á sér stað innan veggja tónleikahússins er mjög sérstakt og hef ég nefnt hegðun fólks í því samhengi. En það er fleira sem gerist sem lýsir sér ekki endilega í hegðun eða gjörðum einstaklingsins. Innra með fólki brjótast fram alls kyns tilfinningar og upplifa þátttakendur gjarnan vellíðunartilfinningu þegar það er innan um aðra hátíðargesti. Tilfinningalegur samruni við heildina á sér stað, fólk upplifir vinskap og samskipti fara fram með táknum eins og brosi, handabendingum og fleira. Þetta er það sem nefnist samfélagsvitund og er lýst í kafla 4.6. Samfélagsvitundin á sér einnig stað utan við tónleikahúsið, en á annan hátt en innandyrá. Fólk sem hittist jafnvel eingöngu á Eistnaflugi heilsast og faðmast og upplifir þennan vinskap sem er til staðar ár eftir ár. Mikil friðsæld ríkir á hátíðinni og er það vilji langflestra, ef ekki allra gesta hátíðarinnar að halda friðinn. Stefán heldur ræðu uppi á sviði í hvert skipti sem hann opnar hátíðina og tilkynnir fólki að það sé „bannað að vera fáviti“ (AHÁ 2015. 2). Ef gestirnir fara ekki eftir þessum tilmælum mun hátíðin ekki verða haldin aftur, það er því undir þeim sjálfum komið að allt fari vel fram og enginn vill verða valdur að því að hátíðin verði lögð niður. Auðvitað getur það gerst á Eistnaflugi, eins og alls staðar annars staðar, að einhver reiðist. En þar sem mikil samkennd ríkir meðal gesta er viðkomandi róaður um leið og málin leyst farsællega. Ef einhver dettur eða lendir í vandræðum er hann aðstoðaður. Ef einhver finnur eitthvað sem annar hefur týnt reynir viðkomandi að hafa uppi á eigandanum. Gestir hátíðarinnar hafa sannað það fyrir bæjarbúum að þeir eru komnir til að fylgja tónlistinni eftir en ekki til þess að leggja bæinn í rúst. Raunin er sú að drykkja á Eistnaflugi er mjög mikil og jafnframt mjög sýnileg og má deila um ágæti þess. En í stuttu máli er hegðun gesta mjög jákvæð og skiptir það öllu máli. Mögulega eru einhver tengsl á milli jákvæðrar hegðunar og lítillar fjölmiðlaumfjöllunar, en á meðan hegðunin er jákvæð er fjölmiðlaumfjöllun það einnig. Eistnaflugsgestir leggja mikið kapp í að koma vel fyrir og sýna kurteist og jákvætt viðmót. Þess vegna hafa þeir áunnið sér einstaklega mikið traust heimamanna því hátíðin hefur alltaf farið vel fram. Bæjarbúar hafa þakkað gestum sínum fyrir með samskonar viðmóti og tel ég viðhorfsbreytingu bæjarbúa gagnvart gestunum vera ein mestu og mikilvægustu samfélagslegu áhrifin.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Árni Björnsson (1993). *Saga daganna*. Reykjavík: Mál og menning.

Bakhtin, Mikhail (1965). *Rabelais and his World*. Bloomington: Indiana University Press.

Csikszentmihalyi, Mihaly (1975). *Beyond Boredom and Anxiety: Experiencing Flow in Work and Play*. San Francisco: Jossey-Bass.

Douglas, Mary (1987). *Constructive Drinking: Perspective on Drink from Anthropology*. Cambridge: Cambridge University Press.

Dundes, Alan (1980). *Interpreting Folklore*. Bloomington: Indiana University Press.

Entwistle, Joanne og Wilson, Elizabeth (ritstjórar). (2001). *Body Dressing*. Oxford: Berg.

Haenfler, Ross (2014). *Subcultures: The Basics*. New York: Routledge.

Hall, Stuart (1997). *Representation: Cultural Representations and Signifying Practices*. London: Sage Publications Ltd.

Huizinga, Johan (1970). *Homo Ludens: A Study of the Play-Element in Culture*. Boston: The Beacon Press.

Jankowiak, William og White, C. Todd (1999). *Carnival on the Clipboard: An Ethnological Study of New Orleans Mardi Gras*. University of Pittsburgh, 38(4), 335-349.

Mänd, Anu (2005). *Urban Carnival: Festive Culture in the Hansaetic Cities of the Eastern Baltic, 1350-1550*. Turnhout: Brepols Publishers n.v.

Mörður Árnason (ritstjóri). (2007). *Íslensk orðabók*. (4. útgáfa). Reykjavík: Edda.

Noyes, Dorothy (2003). *Fire in the Placa: Catalan Festival Politics After Franco*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.

Sims, Martha C. og Stephens, Martine (2005). *Living Folklore: An Introduction to the Study of People and Their Traditions*. Utah: Utah State University Press.

Turner, Victor (1966). *The Ritual Process: Structure and Anti-Structure*. New York: Cornell University Press.

Turner, Victor (1974). *Liminal to Liminoid, in Play, Flow, and Ritual: An Essay in Comparative Symbolology*. Rice University studies, 60(3), 53-92.

van Gennep, Arnold (1909). *The Rites of Passage*. Chicago: University of Chicago Press.

Wilson, Thomas M. (ritstjóri). (2005). *Drinking Cultures*. Oxford: Berg.

Yow, Valerie Raleigh (2005). *Recording Oral History: A Guide for the Humanities and Social Sciences*. (2. útgáfa). Walnut Creek: AltaMira Press.

Vefheimildir:

Akranes. (e.d.) *Fjölskyldu- og menningarhátíðin Írskir dagar*. Sótt 28. apríl af <http://www.akranes.is/mannlif/arlegir-menningarvidburdir/irskir-dagar>.

Akureyri. (e.d.). *Grimsey*. Sótt 28. apríl 2015 af <http://www.akureyri.is/grimsey/vidburdir>.

- Egill Harðar. (2013, 4. júní). *Eistnaflug rokkar í níunda sinn*. Sótt 22. apríl 2015 af <http://rjominn.is/2013/06/04/eistnaflug-rokkar-i-niunda-sinn/>.
- Egill Harðar. (2014, 29. apríl). *Eistnaflug 2014*. Sótt 22. apríl 2015 af <http://rjominn.is/2014/04/29/eistnaflug-2014/>.
- Eistnaflug. (e.d.). Sótt 14. mars 2015 af www.eistnaflug.is.
- Eistnaflug. (e.d.). *Hátíðin*. Sótt 14. mars 2015 af <http://eistnaflug.is/um-hatidina/>.
- Facebook. (e.d.). *About Enter The Mayhemisphere*. Sótt 24. apríl 2015 af https://www.facebook.com/enter.the.mayhemisphere/info?tab=page_info.
- Fjarðabyggð. (e.d.). *Saga Fjarðabyggðar*. Sótt 14. mars 2015 af <http://www.fjardabyggd.is/fjardabyggd/um-fjardabyggd/saga-fjardabyggdar>.
- Global Metal Apocalypse. (2013, 10. október). Í *Why Eistnaflug Might Be Europe's Most Unique Festival*. Sótt 6. apríl 2015 af <http://globalmetalapocalypse.weebly.com/live-news--reviews/eistnaflug-2014-announces-line-up-and-ticket-sales-are-on-now>.
- Hagstofa Íslands. (2015). *Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 2011-2015*. Sótt 18. mars 2015 af <http://hagstofan.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN03106%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+bygg%F0akj%F6rnum%2C+kyni+og+aldri+2011%2D2015%26path=../Database/mannfjoldi/Byggdakjarnar/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>.
- Hjalti Björn Valþórsson. (2009, 19. mars). „Dauðarokk“. *Hugsandi*. Sótt 22. apríl 2015 af <http://hugsandi.is/articles/daudarokk/>.

Pressan. (2013, 11. júlí). *Mynd dagsins: Súludans bannaður á Neskaupstað*. Sótt 20. mars 2015 af <http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/mynd-dagsins-suludans-bannadur-a-neskaupstad>.

Rjóminn. (2011, 29. júní). *Eistnaflug 2011*. Sótt 22. apríl 2015 af <http://rjominn.is/2011/06/29/eistnaflug-2011-2/>.

Santos, José Carlos. (2012, 24. júlí). *Iceland's Eistnaflug Festival Reviewed*. Sótt 6. apríl 2015 af <http://www.terrorizer.com/news/festivals/eistnaflug-roundup-reviewed/>.

Subcultures. (e.d.). *Subculture List*. Sótt 17. mars 2015 af <http://subcultureslist.com/>.

The Vatnajökull Region. (e.d.). *Humarhátíð á Höfn 2014*. Sótt 28. apríl 2015 af <http://is.visitvatnajokull.is/Vidburdir/Pakkaferdir/Skoda/13>.

Þorsteinn Kolbeins. (2005). *Eistnaflug 2005*. Sótt 15. mars 2015 af http://www.hardkjarni.com/gigs/gig.php?n_id=398.

Viðtöl:

AHÁ 1. (2014). Viðtal Önnu Hlífur Árnadóttir við Fjólu Björgu Sigurðardóttur þann 5. mars. Í vörslu höfundar.

AHÁ 2. (2014). Viðtal Önnu Hlífur Árnadóttir við Daníel Magnús Bergmann Ásgeirsson þann 11. mars. Í vörslu höfundar.

AHÁ 3. (2014). Viðtal Önnu Hlífur Árnadóttir við Kolfinnu Þorfinnsdóttur þann 12. mars. Í vörslu höfundar.

AHÁ 4. (2014). Viðtal Önnu Hlífur Árnadóttir við Ásgeir Heimisson þann 16. júlí. Í vörslu höfundar.

AHÁ 1. (2015). Viðtal Önnu Hlífur Árnadóttir við Ingibjörgu Þórðardóttur þann 28. janúar. Í vörslu höfundar.

AHÁ 2. (2015). Viðtal Önnu Hlífur Árnadóttir við Stefán Magnússon þann 9. febrúar. Í vörslu höfundar.

Aðrar persónulegar heimildir:

Fjóla Björg Sigurðardóttir. (2015, 6. apríl). (Tölvupóstur).

Myndaskrá:

Mynd 1. (e.d.). Sótt 14. mars 2015 af

<http://www.fjardabyggd.is/Mannlif/Ferdathjonusta/Upplýsingarogkort/>.

Mynd 2. (e.d.). Sótt 10. apríl 2015 af www.eistnaflug.is.

Mynd 3. (2013, 11. júlí). Sótt 20. mars 2015 af

<http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/mynd-dagsins-suludans-bannadur-a-neskaupstad>.

Mynd 4. (2014, 16. maí). Sótt 18. mars 2015 af

<https://www.facebook.com/EistnaflugFestival/photos/a.362436780457041.86919.119563491411039/776493035718078/?type=3&theater>.

Mynd 5. (2011, júlí). Sótt 20. mars 2015 af

<https://reykjaviksexfarm.files.wordpress.com/2011/07/eistnaflug.jpg>.

Mynd 6. (2012). Sótt 20. mars 2015 af <http://www.im.co/stebbaosk/stebbaosk/eistnaflug.html>.